

# ÚTSALAN ER HAFIN

Sjáðu öll tilboðin á [elko.is](http://elko.is)

YFIR  
2.000 VÖRUR  
Á TILBOÐI



## ER ALLT KLÁRT FYRIR NÆSTU SKÓLAÖNN?

Þú finnur réttu græjurnar til að  
sigrast heimavinnuna á [elko.is](http://elko.is)



# ELKO



# HVER ER UPPÁHALDS- JÓLAMYNDIN ÞÍN?




-80.000 KR  
86"

LG  
UQ80 UHD snjallsjónvarp (2022)  
• UHD 3840x2160, HDR  
• a7 Gen 5 AI 4K örgjörvi  
• WebOS snjallstýrikerfi  
• ThinQ AI, Filmmaker Mode og leikjastilling  
43UQ80006LB 86UQ80006LB

86" | Áður: 319.995  
**239.995**

Eða 21.455 kr. í 12 mánuði  
0% vextir | Alls 257.465 kr. | ÁHK 13%



-30.000 KR

SAMSUNG  
AU7175 55" snjallsjónvarp  
• 4K UHD LCD snjallsjónvarp  
• Crystal Processor 4K  
• Motion Xcelerator Turbo, PurColor tækni  
• Tizen stýrikerfi, UK UHD Dimming  
UE55AU7175UXXC

Áður: 119.995  
**89.995**

Eða 8.517 kr. í 12 mánuði  
0% vextir | Alls 102.205 kr. | ÁHK 25%



LG  
S400 2.1 hljóðstöng  
• 2.1 rása, 300 W, þráðlaust bassabox  
• Wi-Fi, Bluetooth, HDMI eARC, Optical  
• AI Sound Pro, DTS:X  
• TV SoundMode Share  
S400DSWELLK

Áður: 44.995  
**33.995**



-20%

JBL  
Flip 6 ferðahátalari  
• Bluetooth tenging  
• Allt að 12 klst. rafhlöðuending  
• Ryk- og vatnsvarinn með IP67  
• JBL Original Sound Pro  
JBLFLIP6GREN-TEAL-RED-WHT  
-SQUAD-BLKEU-BLU-GREY-PINK

Áður: 19.995  
**15.995**



FLEIRI  
LITIR Í  
BOÐI

-22%

CROSLEY  
Cruiser Plus plötuspilari  
• Innbyggðir hátalarar  
• Bluetooth tenging  
• AUX tengi  
• Stíllanleg tónhæð  
CR8005FBK4 CR8005FLT4 CR8005FHA4  
CR8005FSG4 CR8005FMT4

Áður: 17.995  
**13.995**



-25%

SONY  
SRS-XP700 ferðahátalari  
• Marglita LED ljúsing og Sony Music Center snjallforrit  
• Allt að 25 klst. rafhlöðuending  
• Hljóðnema- og gitartengi  
• Vatnsvarinn með IPX4  
SRSXP700B

Áður: 79.995  
**59.995**



-50%

CELESTRON  
barnasmásjá m. símamillistykki  
• 50x 100x og 200x auk 2x aðdráttar  
• Ljósaperur fyrir ofan og neðan  
• Innbyggt geymslubox neðst á smásjánni  
• Passar á iPhone eða aðra snjallsíma  
115280

Áður: 12.995  
**6.495**



-25%

NOKIA  
6310 Dual Sim  
• Stór 2,8" TFT skjár  
• Stórir stafir á lyklaborði  
• FM útvarp og gamli góði Snake  
• Bluetooth  
NOK6310DSBLA

Áður: 11.995  
**8.995**



-5.000 KR

NOKIA  
G60 5G  
• 120 Hz 6,58" IPS LCD skjár  
• Snapdragon 695 5G örgjörvi, IP52  
• 64 GB minni, 4 GB vinnsluminni  
• 50/5/2 MP myndavélar  
NOKG60BLA

Áður: 44.995  
**39.995**

Fór í fyrsta sinn á skíði á jóladag



Bókmenntaárið gert upp



FASTEIGNASALAN  
**TORG**  
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Tímamót > 14

Menning > 18

# FRÉTTABLAÐIÐ

280. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 27. DESEMBER 2022



Unga fólkíð í höfuðborginni lék við hvurn sinn fingur í jólasnjónum í gær og renndi sér á skíðum og skautum um víðan völl og sumir á sleðum eins og þessi hressi krakki í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Telur KSÍ verja miklu fé í ranga hluti

Grétar Rafn Steinsson, sem var tæknilegur ráðgjafi hjá KSÍ fyrr á þessu ári, gagnrýnir í nýrri skýrslu hvernig tveimur milljörðum var ráðstafað til knattspyrnufélaga án skilmála um uppbyggingu.

hordur@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** „Hugmyndafræði fótbolta á Íslandi þarf að endurskoða og til þess að skipuleggja til framtíðar þá þarf að vera vilji til breytinga,“ segir í skýrslu Grétars Rafns Steinssonar, sem starfaði sem tæknilegur ráðgjafi hjá Knattspyrnusambandi Íslands á fyrri helmingi þessa árs.

„Á síðustu 10 árum er fjármagn frá KSÍ til íslenskra liða komið yfir tvo milljarða,“ bendir Grétar Rafn á í skýrslu sinni sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

„Þegar skoðað er fjármagn sem borist hefur inn í íslenskan fótbolta og borið saman við önnur lönd þá greiðir KSÍ bæði fyrir hluti sem aðrar þjóðir borga ekki fyrir og út án þess að sá peningur sé eyrnamerkur fyrir þróun eða uppbyggingu,“ skrifar Grétar Rafn.

Í dag starfar Grétar Rafn, sem er fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu, hjá Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

„Við borgum atvinnumannalaun



Við borgum atvinnumannalaun í áhugamannaumhverfi og fagmennskuhugarfar er lítið.



Grétar Rafn Steinsson, fyrrverandi tæknilegur ráðgjafi KSÍ

í áhugamannaumhverfi og fagmennskuhugarfar er lítið,“ skrifar Grétar Rafn enn fremur og á þar við félagsliðin fyrst og fremst.

Að sögn Grétars Rafns hefur skammtímahugsun leitt til þess að í augnablikinu séu eingöngu þrjú Íslendingar að leika í fimm bestu deildum Evrópu.

„Leikmönnum karlamegin á hæsta leveli hefur fækkað,“ skrifar Grétar Rafn. „Í stað þess að byggja til lengri tíma þá fer meirihluti fjármagns í laun leikmanna.“

Mikið launaskrið hefur einmitt verið hjá leikmönnum í íslenskum fótbolta og þá sérstaklega í Bestu deild karla undanfarin ár. **SJÁ SÍÐU 6**

## Frostið lætur ekki undan síga í bráð

**BJÖRGUNARSTARF** Veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands segir ekki útlit fyrir að frosti linni á næstunni.

Þjörgunarsveitir hafa tekist á við fjölbreytt verkefni undanfarna daga. Þrátt fyrir að veðrið í gær hafi verið afleitt var dagurinn þó frekar rólegur að sögn upplýsingafulltrúa Landsbjargar. **SJÁ SÍÐU 4**



Jón Þór Viglundsson, upplýsingafulltrúi hjá Landsbjörg

## Rafmagnaður ID.4

Þægindi að þínum þörfum

Volkswagen ID.4 Pro 4MOTION

HeKla Laugavegi 174, 105 Rvk. → [www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)





Beðið í frostinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

## Kínverjar bíða eftir humarpylsu

gar@frettabladid.is

**FERÐAMENN** „Þetta er bara svo vinsæll staður,“ svaraði einn ferðamanna sem síðdegis í gær bíðu í röð fyrir utan Íslenska barinn í Ingólfsstræti og vöktu athygli blaðamanns í bitandi frostinu sem lék um miðbæ Reykjavíkur í gær.

„Þetta er humarpylsan. Kínverjar eru með sinn eigin samfélagsmiðil sem heitir WeChat og við erum númer eitt þar á lista. Röðin er búin að vera svona síðan hálf sex í dag,“ sagði Sigurhans Óskar Sigurhansson, vaktstjóri á Íslenska barnum, um áttaleytið í gærkvöldi. Þá náði röðin enn upp með húsinu.

Að sögn Óskars er það sem sagt fyrst og fremst humarpylsan sem freistar Kínverjanna. „Það er rosalega mikið magn sem fer. Svo er það líka íslenska kjótsúpan,“ segir Sigurhans sem kveður þessi umsvif vera mest um jólin og aukast ár frá ári. ■

## Heimsfrumsýning í Þjóðleikhúsinu



Pau Benedikt Erlingsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Ebba Katrín Finnsdóttir brostu sínu breiðasta baksviðs fyrir heimsfrumsýningu á Ellen B. í Þjóðleikhúsinu í gær. Verkið er það fyrsta í þrileik Marius von Mayenburg í leikstjórn Benedict Andrews. Næsta verk í þrileiknum, Ex, verður frumsýnt í janúar.

MYND/JORRI KRISTJÁNSSON

## Grunur um íkveikju við kirkjubruna

gar@frettabladid.is

**FINNLAND** Grunur leikur á að kveikt hafi verið í 141 árs gamalli kirkju í Rautjärvi í Finnlandi sem brann til grunna á jóladag.

Að sögn fjölmiðla í Finnlandi fór reykskynjari skyndilega í gang í miðri guðspjónustu. Presturinn sá fyrst reyk og síðan eldtungur sem dreifðu sér um kirkjuna með leifturhraða.

Um þrjátíu manns voru í kirkjunni þegar eldurinn braust út og sluppu allir ómeiddir. Annar prestur sem kominn er á eftirlaun segir starfsmenn kirkjunnar hafa tekið eftir að bundið hafði verið fyrir kirkjudyrrnar með snæri.

Tuttugu manna hjálparlið var sent á staðinn en það fékk ekki rönd við reist og gamla tré kirkjan brann til grunna.

Tilkynning um eld í íbúðarhúsnæði þrjátíu kílómetra frá kirkjunni barst svo innan við tveimur



Timburkirkjan sem brann í Rautjärvi.

klukkustundum síðar. Þar skammt frá fannst einstaklingur látinn.

Lögreglan rannsakar nú hvort þessir tveir eldsvoðar tengjast og sem fyrr segir leikur grunur á að kveikt hafi verið í kirkjunni. Það hversu eldurinn breiddist hratt út þykir benda til íkveikju.

Kirkjan í Rautjärvi hefur tvisvar áður orðið eldi að bráð, fyrst 1741 og síðar árið 1872. ■

## Góða skapið kemur þegar lagt er af stað upp á fjöll

Sjúkraliðinn Ingibjörg Guðmundsdóttir hefur farið yfir 250 ferðir í ár á fjöll eða fell, yfirleitt í ferðum með Fjallavínunum. Þá hefur hún gengið 54 sinnum á Esjuna þetta árið en ferðirnar voru yfir 100 á síðasta ári.

benediktboas@frettabladid.is

**ÚTIVIST** Ingibjörg Guðmundsdóttir sjúkraliði er búin að fara yfir 250 ferðir á árinu á fjöll eða fell. Hún lætur veðrið aldrei stoppa sig og tekur roki og rigningu sem jákvæðri áskorun og klæðir sig bara eftir veðri.

Ingibjörg hefur gengið með Fjallavínunum í þrjú ár. Að sögn ferðafélaga hennar var strax frá upphafi eftirtektarvert hversu glöðlynd og jákvæð hún er. Hún hafði gaman af útiverunni og félagskapnum og tók hverri áskorun með bros á vör.

„Ætli þetta sé ekki rétt tala, þessar 250 ferðir. Kannski aðeins fleiri,“ segir hún. „Ég hef alltaf gengið mikið, alveg frá blautu barnsbeini – ekki alltaf á fjöll eða fell en alltaf gengið mikið,“ segir Ingibjörg en hún er fædd og uppalin á Akranesi.

Fjallavínur voru stofnaðir árið 2011 og eru reknir af þeim Þórði Marelssyni og Fríðu Halldórsdóttur. Á heimasíðu þeirra eru nú óðum að birtast fyrirhugaðar göngur á komandi ári. Jökलगöngur undir vorið, sumargöngur og margar nýjar og spennandi gönguferðir. Heilsuefling á fjöllum er til dæmis verkefni fyrir þá sem vilja njóta útiveru og heilsueflingar í góðum félagskap.

Heilsuefling á fjöllum ásamt útivist er eitt helsta áhugamál þeirra Þórðar og Fríðu, en markmið Fjallavína er að leiða fólk á fjöll í skemmtilegum heilsuþætandi fjallgöngum. Lögð er áhersla á að upplifa náttúru landsins og njóta sam-



Ingibjörg í sínu uppáhaldsumhverfi. Í góðum félagskap uppi á fjöllum.

MYND/ÞÓRÐUR INGI MARELSSON



**Vinkona mín dreif mig með í þessa ferð og hafi hún þökk fyrir.**

Ingibjörg Guðmundsdóttir, sjúkraliði

veru við annað áhugasamt fólk um útivist og fjallgöngur. Jóga, leikjum og nuddi er svo fléttað inn í og áhersla er lögð á teygjur og slökun þegar því verður við komið.

„Fyrsta ferðin mín með Fjallavínunum var sumarferð á Rauðufossafjöll og Krakatind árið 2019, en vinkona mín dreif mig með í þessa ferð og hafi hún þökk fyrir. Það varð ekki

aftur snúið. Ég fann mig svo með þessum hóp.

Ég fór ekki mjög oft á Esjuna þetta árið, bara 54 sinnum, en ég fór 112 sinnum í fyrra. Svo er ég búin að fara á Hvannadalshnjúk, Herðubreið og Laugavegin. Það var fjölbreyttara ár hjá mér í fyrra,“ segir Ingibjörg.

Að sögn Ingibjargar þrífst hún hreinlega á útiveru og hreyfingu.

„Það er ekkert veður sem stoppar mig. Það er bara að klæða það af sér,“ segir Ingibjörg ákveðin. „Góða skapið kemur þegar maður leggur af stað upp á fjöll. Það er alveg sama í hvernig skapi maður er þegar lagt er af stað, góða skapið kemur. Það léttist lundin og allt saman.“

Ingibjörg er farin að skoða ferðir erlendis fyrir næsta ár og hefur þegar bókað eina ferð til Ítalíu og Króatíu.

„Stefnan er að fara yfir 300 ferðir á næsta ári. Ekki minna. Ég ætla líka að fara í aukaferðir með Fjallavínunum næsta sumar. Það verður alveg nóg að gera,“ segir fjallavínurinn Ingibjörg. ■

**LJÓSABLAÐIÐ 2022**  
LJÓSABLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

Lesið hér



blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

# ÚTSALA

## Köttum niður verðið



### Allt að **50%** afsláttur

- LADY málning **30%** • Pottar og pönnur **30-50%** • NEO topplyklasett **30%** • Glös **30%**
- Avasco hillurekkar **20%** • Fischer Technik leikföng **70%** • Útivistafatnaður **25%** • Könnur **30%**
- Hnífapör **30%** • Bökunarvörur **30%** • Matarstell **30%** • Barnaöryggisvörur **20-50%**
- Hanskar **20%** • Vinnuföt **25%** • Regnföt **30%** • Finess lökk **30%** • Rafmagnsverkfæri **20%**
- Nílfisk háþrýstidælur **20%** • Handverkfæri **20%** • Stanley loftpressur **30%**
- Verkfæratöskur **30%** • Harðparket **25-50%** • Flísar **30-45%** • Jólakertastjakar **50%**
- Jóla ljós **30-50%** • Jólaseríur **30%** • Ljósahús **50%** • Jólakertastjakar **50%** • Gervijólatré **50%**
- Jólakúlur **50%** • Jólakerti **50%** • Kerti **30%** • Jólasyttur **50%** • Servíettur **30%**
- Jólakúlur **30%** • Jólappapír og pakkabönd **50%** • Jólalengjur **50%** • Jólakransar **30%**
- Jólaskreytingaefni **30%** • Jólatrésdúkar **50%** • Aðventuljós **50%**

Útsalan hefst í dag kl. 10 - Gildir einnig í vefverslun

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mjaðmt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta læga verði Húsasmíðjunnar.“

# Tugir látnir í vetrarhörkum í Bandaríkjunum og Japan

arnartomas@frettabladid.is

**ERLENT** Að minnsta kosti 55 hafa látið lífið í vetrarhörkunum sem nú geisa í Bandaríkjunum. Flest þeirra létust í umferðarslysum þar sem færðin er afar slæm.

Ástandið er verst í New York-ríki. Í borginni Buffalo króknaði fjöldi fólks eftir að hafa fest bíla sína í snjónum. Þar höfðu margir íbúar keyrt af stað þrátt fyrir að akstursbann hefði verið sett á. Ríkisstjóri

New York segir að um sé að ræða versta veður í sögu ríkisins.

Aðstæður höfðu einnig slæm áhrif á björgunarstarf í Buffalo þar sem grafa þurfti ellefu sjúkrahla úr snjó og slökkvilið borgarinnar komst ekki leiðar sinna.

Þótt búist sé við að veður hlýni vestanhafs frá og með deginum í dag mun halda áfram að snjóa á svæðinu næstu daga samkvæmt veðurstofu Bandaríkjanna.

Í Japan hafa minnst sautján látnir

og tugir slasast í mikilli snjókomu sem gengur nú yfir landið.

Fjöldi fólks þar í landi hefur látist við að hreinsa snjó af þökum húsa sinna eða orðið undir snjöhengjum sem falla niður af þökunum. Yfirvöld hafa hvatt íbúa til að sýna aðgát við að fjarlægja snjó og sinna því ekki einir.

Þá hafa þúsundir heimila í Bandaríkjunum og Japan verið rafmagnslausar um mislangan tíma vegna veðursins. ■



Aðstæður í Buffalo hafa verið bagalegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY



Rútan festist þvers á þjóðvegi 1.

MYND/LANDBJÖRG

## Engin svör vegna hrakfara bílstjóra

gar@frettabladid.is

**UMFERÐ** Vegvillur bílstjóra sem í tvígang festi rútu með 32 farþegum í nágrenni Víkur í Mýrdal á öfærum og jafnvel lokuðum vegum á jóladag hefur vakið mikla undrun.



Það eru náttúrlega jólin og menn hafa öðru að sinna.

Arnar Páll Guðmundsson, mannauðsstjóri hjá Hópbílum

Arnar Páll Guðmundsson, mannauðsstjóri hjá Hópbílum, sagðist engum spurningum geta svarað. Vísaði hann í staðinn á Pálmars Sigurðsson skrifstofustjóra og Guðjón Ármann Guðjónsson framkvæmdastjóra sem reyndar var hvorugum unnt að ná tali af í gær.

„Ég veit að Pálmars er vant við látinn þannig að það er bara að vera í sambandi á morgun,“ sagði Arnar Páll. „Það eru náttúrlega jólin og menn hafa öðru að sinna.“

Aðspurður kvaðst Arnar Páll ekki geta gefið upp hvort bílstjórinn sem um ræðir hefði starfað lengi fyrir Hópbíla. ■

# Hótelin haldi ferðafólki frá óvissuför

Upplýsingafulltrúi Landsbjargar segir gærdaginn hafa verið heldur rólegan þrátt fyrir afleitt veður. Ekki er útlit fyrir að frostinu linni á næstunni.

arnartomas@frettabladid.is  
erlamaria@frettabladid.is

**BJÖRGUNARSTARF** Þrátt fyrir að veðrið í gær hafi verið afleitt víðast hvar á landinu segir Jón Þór Víglundsson, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, að dagurinn hafi verið frekar rólegur. Verkefnið hafi þó verið fjölbreytt.

„Færðin fyrir austan var heldur slæm, eins og á Egilsstöðum,“ segir hann. „Þar var óskað eftir aðstoð björgunarveita við að koma hádegismatnum inn á hjúkrunarheimili og koma einhverjum heilbrigðisstarfsmönnum í vinnuna, auk þess að aðstoða við sjúkraflutninga.“


Að sögn Jóns Þórs var jóladagur heldur erfiðari, sérstaklega í Mýrdalnum þar sem var þreifandi blindbylur og afar slæmt skyggni.

„Björgunarsveitin Víkverji fór í útkall vegna ferðamanna sem höfðu farið í göngutúr niður í Reynisfjöru og rötuðu ekki til baka á hótelið sem þau gistu á. Veðrið var þannig að björgunarsveitir áttu talsvert erfitt með að komast þarna niður eftir og aðstæður til leitar voru slæmar.“

Þegar líða fór á daginn hafi björgunarsveitin fengið liðsauka frá björgunarsveitum á Selfossi, Hvolsvelli og Hellu til þess að leita að fólkinu.

„Undir kvöld var svo sendur liðsauki frá Reykjavík með snjóbíla, en þeim var snúið við þegar fólkið komst inn á hótél af sjálfsdáðum, heldur kalt,“ segir Jón Þór.

Þá hafi björgunarsveitin einnig aðstoðað talsverðan fjölda ferða-



Erlendir ferðamenn gera sér ekki grein fyrir aðstæðum og hafa jafnvel aldrei upplifað slíkt áður.



Jón Þór Víglundsson, upplýsingafulltrúi hjá Landsbjörg

manna sem höfðu fest bíla sína við Reynisfjall.

„Það var talsvert af bílum sem sátu fastir í brekkunni upp að Reynisfjalli sem er kölluð Gatnabrún, en það er það svæði sem var erfiðast í gærdag og gærkvöld,“ segir Jón Þór.

Hann segir að megnið af því fólki sem björgunarsveitir hafi aðstoðað í gær sé erlendir ferðamenn. Mikilvægt sé að ferðaþjónustuaðilar passi upp á gesti sína.

„Í þessu tilliti er mikilvægt að þeir sem reka gistiheimili og hótél passi svolitíð upp á gestina sína. Að gestirnir séu meðvitaðir um aðstæður áður en þeir fara og það kannski dragi úr því að þeir fari út í einhverja óvissu. Erlendir ferðamenn gera sér ekki grein fyrir aðstæðum og hafa jafnvel aldrei upplifað slíkt áður,“ segir Jón Þór.

Um hádegisbilið féll snjóflóð á hóp fimmtán hrossa á milli bæjanna Stekkjarbóls og Hólkots í Unadal austur af Hofsósi. Björgunarsveitin Grettir á Hofsósi var kölluð út, en þegar björgunarmenn komust að hrossunum voru þau öll dauð.

Marcel De Vries, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, sagði um kvöldmatarleytið í gær að lægðin sem þá var spáð að gengi á næstu klukkutímum yfir Reykjanesskaga yrði komin á Suðausturland nú fyrir hádegis og að hún gengi síðan yfir Austfirði seinnipartinn og yrði þá úr sögunni.

Frost mun aftur herða þegar lægðin er gengin hjá og aðspurður sagði Marcel ekki útlit fyrir að frostinu linnu á næstunni. „Það er ekki í kortunum ennþá að minnsta kosti,“ sagði veðurfræðingurinn. ■

Skyggnið var afar slæmt í Mýrdalnum á jóladag þar sem Björgunarsveitin Víkverji fór í útkall vegna ferðamanna sem villtust á leið út í Reynisfjöru og rötuðu ekki heim.

MYND/ADSEND

## FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreyta sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÓÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300  
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4x4  
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS



# Ánægjan heyrir langar leiðir



**Beltone Imagine™** – hágæða heyrnartæki

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

**HEYRNARSTÖÐIN**



„Við borgum atvinnumanna laun í áhugamanna umhverfi og fagmennsku hugarfar er lítið,“ skrifar Grétar Rafn í skýrslu sinni þegar hann ræðir um stöðuna á fótboltanum hér heima og á þar við félagsliðin fyrst og fremst.

„Breytinga er þörf og það þyrfti að gera dýpri greiningu á fótboltanum. Partur að því er að félög komi saman og finni út hvernig fótbolti lítur út í dag, hvernig umhverfið utan á landi er og hvernig fótbolti muni lita út í framtíðinni. Langtíma úrslit byrja í okkar eigin fótbolta á Íslandi og ferlið síðustu ár bæði hjá Íslenskum fótbolta og skammtíma hugsun A liðs hefur leitt til þess að í augnablikinu erum við eingöngu með 3 leikmenn sem eru að spila í topp 5 karla deildum í Evrópu, tveir verða nýliðar eftir að hafa farið upp um deild og Rúnar Alex fær vonandi séns hjá Arsenal hópnun,“ segir Grétar og á þar við Mikael Egil Ellertsson og Þóri Jóhann Helgason sem eru á fyrsta ári í úrvalsdeildinni á Ítalíu.

„Ég geri mér grein fyrir því gífurlega krefjandi umhverfi sem þið búið við en það er hægt að gera hlutina öðruvísi með að horfa aðeins lengra fram á veginn.“

#### Í hvað fóru milljarðarnir?

Eitt af því sem Grétar dregur fram í skýrslu sinni eru þeir fjármunir sem runnið hafa frá KSÍ til félaganna undanfarin ár og má þar að mestu þakka frábærum árangri A-landsliðs karla.

„Á síðustu 10 árum er fjármagn frá KSÍ til íslenskra liða komið yfir 2 MILLJARÐA. Þegar skoðað er fjármagn sem borist hefur inn í íslenskan fótbolta og borið saman við önnur lönd lönd þá greiðir KSÍ bæði fyrir hluti sem aðrar þjóðir borga ekki fyrir og út án þess að sá peningur sé eyrnamerkur fyrir þróun eða uppbyggingu,“ skrifar Grétar en hann starfar í dag hjá Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

„Leikmönnum karlamegin á hæsta leveli hefur fækkað og eins og ég minntist á áður þá erum við að greiða atvinnumanna laun í áhugamanna umhverfi og í rauninni byrjum við á röngum enda. Í stað þess að byggja til lengri tíma þá fer meirihluti fjármagns í laun leikmanna,“ skrifar Grétar en mikið launaskrið hefur verið í íslenskum fótbolta og þá sérstaklega í Bestu deild karla undanfarin ár.

Hann segir þó að sum félög hafi gert hlutina vel en betur má efa duga skal að mati Grétars. „Ég þekki góð dæmi um fjármunir eru notaðir til uppbyggingar á félagi og innri strúktur en þau dæmi eru alltof fá þegar mið er tekið á þeim 2 milljörðum sem farnir eru og hvar fótbolti á Íslandi er. Það eru félagslið sem hafa gert vel í að skilgreina sig síðustu ár og eru að ná árangri sem er mjög hjálpleg við að sýna að þetta er hægt og gert um allan heim. Vonandi breytast þessi plön og aðferðir ekki ef breytingar verða á starfsliði félags.“

Hann segir að íslenskur fótbolti verði að aðlaga sig hinum stóra heimi. „Ef við aðlögum okkur ekki þá verðum við á sama stað eftir önnur 10 ár að gera nákvæmlega það sama og við höfum alltaf gert. Fótbolti hefur breyst gífurlega mikið en við höfum því miður staðnað og ef þú ferð ekki áfram í þessari grein, þá ferðu afturábak. Áhyggjuefni núna og til lengri tíma er að hugmyndafræði fótbolta á Íslandi þarf að endurskoða og til þess að skipuleggja til framtíðar þá þarf að vera vilji til breytinga.

Það er margt sem við gerum vel en ég tel að það sé tími á að KSÍ og félög vinni betur saman við þróun allra þátta með framtíð fótbolta að leiðarljósi,“ segir Grétar og dregur upp ansi dökka mynd af stöðunni.

#### Starfsmenn undir miklu álagi

Grétar Rafn segir að mjög hæft fólk starfi innan veggja KSÍ. „Við erum blessuð með gífurlegum fjölda sér-

## Seinni hluti: Borgum atvinnumannalaun í áhugamannaumhverfi

Grétar Rafn Steinsson skrifaði mjög áhugaverða skýrslu í starfi sínu hjá KSÍ fyrr á þessu ári. Grétar var ráðinn til starfa sem tæknilegur ráðgjafi knattspyrnusviðs og starfaði þar frá upphafi árs og fram á mitt ár. Í skýrslunni fer Grétar meðal annars yfir þróun í deildunum hér heima. Fréttablaðið hefur skýrsluna undir höndum eins og sjá mátti á aðfangadag.

hodd@frettabladid.is



Grétar Rafn Steinsson teiknar upp nokkuð dökka mynd af því hvernig félög hér heima byggja upp starf sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

#### Úr skýrslu Grétars um Bestu deildina

Besta deild kvenna er mikið að þróast og umhverfið hefur breyst nokkuð en það eru nokkur lið búin að vera í sérflokk og erfitt fyrir félög að keppa við þau.

Félagaskiptamarkaður hefur breyst undanfarin ár og væri áhugavert að greina frekar TMS kerfið og þá hegðun þar til að sjá kaup og sölur og bera saman við rekstur.

Tek ég fyrir nokkrar staðreyndir frá síðustu leiktíð sem unnar voru fyrir mig. Ég er alls ekki að segja að eitthvað sé rétt eða rangt en það eru mörg atriði sem þarf að ræða og gera frekari rannsóknir.

Kvennafótbolti er á mikilli uppleið. Þar höfum við staðið vel að vígi en þurfum að hafa varann á því önnur lönd eru að breyta miklu í aðkomu og umhverfi.

■ Besta deild karla er rönkuð

á evrópskum standard (Association club coefficients, Updated 22/06/2022) erum við í sæti 52 af 55 en reikna að við getum hækkað okkur upp eftir sumarið.

■ Erum við rétt á eftir Gibraltar en eingöngu þrem sætum fyrir ofan San Marino.

■ Meðalaldur leikmanna er einn sá elsti í Evrópu.

■ Meðalaldur bekkja okkar stærstu félaga er einn sá elsti í Evrópu.

■ Ungir leikmenn, ekki bara okkar allra efnilegustu, fá lítil tækifæri og fara í miklu magni erlendis.

■ Félaglið eru farin að kaupa til baka unga íslenska leikmenn sem ekki hafa fest sig í sessi erlendis.

■ Greining er lítil sem engin og félög hafa sett „Smáauglýsingar“ erlendis til að auglýsa eftir leikmönnum rétt fyrir lokun félagsskiptaglugga.

#### Tillögur Grétars um forgangsröðun KSÍ

Mörg atriði þarf að halda áfram að byggja upp og halda áfram að tengja alla starfsemi svo hún styrki starf KSÍ og allra félaga. Hudl, Wyscout, Spiideo/Veo og fleiri atriði þarf að byggja áfram.

■ „Það sem er mun mikilvægara til skamms tíma þegar fjárhagur er ekki meiri, er að ráða inn í mikilvæg störf innan KSÍ sem mun gagnast félögum líka,“ skrifar Grétar og heldur svo áfram:

■ Einstakling til að vinna við kennslu og þróa áfram notkun KSÍ og félaga í GPS mælingum og greiningu svo þær fjárfestingar sem settar eru í þennan mikilvæga part fái allt til baka og meira til.

■ Einstakling til að vinna við kennslu og þróa áfram notkun á Hudl og mun þessi þáttur geta þjónað KSÍ og öllum félögum hvort þau vilja klippa niður leiki eða eingöngu deila með leikmönnum og foreldrum. Þróun leikmanna og liða á alltaf að vera grunnur að starfinu og er þetta lykill að velgengni. Dóttir mín spilar fyrir lið á Íslandi og ég vona að það félag muni á einhverjum tímamarki taka upp leiki og hafa á Hudl svo ég geti fylgst með æfingum sem teknar væru upp, fundum sem deilt væri með leikmönnum og geta fylgst með upplýsingum frá þjálfari, en í staðinn er ég að fá sendar símaupptök af einstaka atvikum sem aðrir foreldrar taka upp.

■ Að við styrkjum það verk efni sem hafið hefur verið varðandi sálfræði.

Það er mitt mat eftir að hafa séð starfsemi KSÍ og kynnst þeim innanhúss að ég tel að bæta þurfi við aðila til að styðja tæknipróun, aðila til að styðja við notkun GPS og stækka starf sálfræðings áður en ráðist er í að ráða í fullt starf á yfirmanni knattspyrnusviðs. Það hefur verið byrjað á góðum langtíma markmiðum og þau taka tíma og hætt við að ef eingöngu er ráðinn inn einn aðili að sá aðili sé með of marga hatta þar sem að analysis, Sport Science og Scouting er ekki enn til staðar og geti ekki tekið fótbolta eins hratt áfram og hægt væri.

fræðinga þegar það kemur að landsliðum Íslands hvort sem sem tölum um A lið karla, kvenna eða val í yngri landslið. Nálægð og tenging allra gerir þennan hluta mun persónulegri á Íslandi en erlendis. Hef ég fylgst með þjálfurum náð og geri engar stórar athugasemdir við þeirra starf en við höfum rætt leiðir sem getu bætt verkerla og þróun þeirra,“ skrifar Grétar.

Hann segir þó að álagið sé mikið í litlu sambandi og slíkt þurfi að passa. „Umhverfið er sibreytilegt og krefjandi en ég tel að allt starf muni bæstast þegar við gerum okkur grein fyrir gífurlegu magni leikmanna sem þjálfarar þurfa að fylgjast með, að þurfa að vera Sport Science, Analyst, skipuleggjandi ferðalaga um Evrópu auk þess að vera þjálfari gerir þetta starf viðamikil og hætta á burnout meðal þjálfara.

Innkoma KSÍ og fjármagn til aðildarféлага kemur í miklu mæli gegnum landslið Íslands og það sýnir hve mikilvægt það er að hlúa að langtíma markmiðum,“ segir Grétar að endingu. ■



Þá greiðir KSÍ bæði fyrir hluti sem aðrar þjóðir borga ekki fyrir og út án þess að sá peningur sér eyrnamerkur fyrir þróun eða uppbyggingu.

Grétar Rafn Steinsson



# ILVA

40-60%  
AF ÖLLUM  
JÓLAVÖRUM

20-50%  
AF ÖLLUM MOTTUM

20-50%  
AF ÖLLUM  
SVEFNSÓFUM

20-50%  
AF ÖLLUM  
PÚÐUM

20-50%  
AF ÖLLUM  
BORÐSTOFUSTÓLUM

# ÚTSALA

## 20-50% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM



50%

**RIA TUNGUSÓFI**  
Beige flael. Áður 199.900 kr. **NÚ 99.900 kr.**  
ÞÚ SPARAR 100.000 KR.



20%

**TIMON BORÐSTOFUSTÓLL**  
Áður 8.900 kr. **NÚ 7.100 kr.**  
ÞÚ SPARAR 1.800 KR.



20%

**ARTHUR BORÐSTOFUSTÓLL**  
Áður 59.900 kr. **NÚ 47.920 kr.**  
ÞÚ SPARAR 11.980 KR.



40%

**DOLPHIN BORÐSTOFUSTÓLL**  
Áður 44.900 kr. **NÚ 26.900 kr.**  
ÞÚ SPARAR 18.000 KR.



30%

**FANO SÓFABORÐ**  
90X120 cm. Áður 39.995 kr. **NÚ 27.900 kr.**  
ÞÚ SPARAR 12.000 KR.



30%

**TORONTO 3JA SÆTA SÓFI**  
Svart flael. Áður 219.900 kr. **NÚ 153.900 kr.**  
ÞÚ SPARAR 66.000 KR.



30%

**FLEXLUX MORE HÆGINDASTÓLL**  
Áður 349.900 kr. **NÚ 239.900 kr.**  
ÞÚ SPARAR 110.000 KR.



**HEDMARK PÚÐAR**  
Áður 3.995 kr. **NÚ 3.196 kr.**



**ANNALI BLÓMAPOTTAR**  
Stærri Áður 10.995 kr. **NÚ 7.145 kr.**  
Minni Áður 4.995 kr. **NÚ 3.495 kr.**



40%



**X-CHAIR BORÐSTOFUSTÓLL**  
Áður 39.900 kr. **NÚ 23.900 kr.**  
ÞÚ SPARAR 16.000 KR.

30%



**CINDY SKEMILL**. Grátt boucle.  
Áður 64.900 kr. **NÚ 45.900 kr.**  
ÞÚ SPARAR 19.000 KR.

20%



**RICHMOND BORÐSTOFUBORÐ**. 160X95 cm.  
Áður 109.900 kr. **NÚ 87.900 kr.**  
ÞÚ SPARAR 22.000 KR.



50%

**COHEN LOFTLJÓSS**  
Áður 24.995 kr. **NÚ 12.495 kr.**  
ÞÚ SPARAR 12.495 KR.



Mikið fárviðri geisaði yfir landið helgina fyrir jól sem varð þess valdandi að Reykjanesbrautinni var lokað. Í kjölfarið aflýstu flugfélögin fjölda flugferða til og frá landinu, sem varð þess valdandi að hundruð ferðamanna urðu strandaglópar á Keflavíkurflugvelli.

MYND/ADSEND



Björn  
Þorláksson  
bth  
@frettabladid.is

## Ár skandala og skítaveðurs

Eldgos, Íslandsbankasalan, afleiðingar Úkraínustríðs, þjóðkirkjuskandalar og flugslys við Þingvallavatn voru meðal viðburða ársins 2022 sem leiddu til þess að íslenska þjóðin tók andann á lofti.

Fréttarárið 2022 hófst með áhyggjum eins og stundum háttar til í janúar – þegar jólum er lokið og ansi langt í páskana og vorið.

Forsíðufréttir Fréttablaðsins framan af ári einkenndust af áhyggjum af lyfjaskorti, áfengisneyslu, óskráðum íbúum og kapphlaupi um síðasta ódýra rafbílinn.

Allt virtist þetta þó hjóm eitt í samanburði við stærstu frétt síðari tíma, stríð í Evrópu sem hafði mikil áhrif á stöðu Íslands.

Eftir innrás Pútíns í Úkraínu viku öll önnur fréttamál vikum saman, hér á landi sem á öðrum byggðum böllum. Alheimurinn hefur æ síðan fylgst með varnarbaráttu Úkraínu sem rússneska birninnum hefur hvergi tekist að kremja undir fæti sínum. Fréttablaðið-Hringbraut sendi áhöfn blaðamanns og ljósmyndara að landamærum Úkraínu og Póllands þar sem viðtöl voru tekin við stríðshrjád flóttafólk. Ein minnisstæðasta fréttin úr þeirri ferð var saga brottflutts Úkraínumanns, Ívans Peterovítsj, sem ákvað að selja farsælan rekstur sinn í Ástralíu og var á leið yfir landamærin við Medíjca, frá Póllandi og heim til að berjast í stríðinu þegar Fréttablaðið ræddi við hann. „Þótt það kosti mig

lífið, á ég engra kosta vöð,“ sagði Ívan og blés mörgum anda hugrekki í brjósti.

Íslendingar endurskoðuðu eigin stöðu í kjölfar innrásarinnar, jafnt í aðfangalegu sem öryggislegu tilliti. Mikil umræða varð um Keflavíkurflugvöll, verðbólga jókst og margvísleg óáran fylgdi. Eftir að fordæmalaus straumur flóttamanna fór á vergang, um átta milljónir manns, lét Ísland ekki sitt eftir liggja og tók við hundruðum úkraínskra flóttamanna.

Alvarlegasta slys ársins varð þegar flugvélin TF-ABB skilaði sér ekki að loknu útsýnisflugi. Íslenskur flugmaður flaug vélinni með þekktu erlenda áhrifavalda. Hófst mikil leit og varði lengi. Flakið af vélinni fannst um síðir í Þingvallavatni. Þótti ígildi kraftaverks þegar tókst að ná jarðneskum leifum fólksins úr isköldu vatninu á miklu dýpi en nokkur tími leið áður en flakið náðist upp. Oddur Árnason, yfirlöggregluþjónn á Sudurlandi, sem stjórnaði aðgerðum, sagði í samtali við Fréttablaðið: „Það er öllum létt, þetta er langt umfram það sem við gerðum okkur vonir um í síðustu viku að gæti gerst. Þetta er stórkostlegur árangur í mjög vondri stöðu.“

Árið 2022 var ekkert sérstaklega gott ár fyrir íslensku þjóðkirkjuna, að minnsta kosti ekki út frá sjónarhóli kirkjunnar. Mikið uppnám og ólga var í Digraneskirkju í Kópavoginum eftir að Gunnar Sigurjónsson sóknarprestur var sendur í leyfi í kjölfar ásakana sex kvenna >>



Sigtryggur Ari Jóhannsson og Björn Þorláksson fóru að landamærabænum Medíjca og skrásettu sögu flóttafólks og hermanna eftir innrás Rússa í Úkraínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Eldgosið í Mera-dölum varði ekki lengi en um mikið sjónarspil var að ræða. Túristagos af bestu gerð, þótt alvara kraumi undir og sumir séu uggandi vegna tímanna á Reykjaneskaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



## Stærsta fréttabomba ársins sprakk í umdeildu söluútboði Íslandsbanka í apríl. Aðeins hluti handvalinna kaupenda átti þess kost að hagnast á hlutabréfakaupunum.

um kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti. Tæpum níu mánuðum eftir að Gunnar fór í leyfi kom út skýrsla óháðs teymis þjóðkirkjunnar sem fór með rannsókn málsins, en þar kom fram að Gunnar hefði reynt brotlegur í starfi. Í framhaldinu vék Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, honum úr starfi.

En vandræðum kirkjunnar var ekki lokið þar. Skömmu síðar sakaði Sigríður Sigurðardóttir kirkjuvörður Valgerði Snæland Jónsdóttur, formann sóknarnefndarinnar, um andlegt og líkamlegt ofbeldi. „Þetta er allt farið að snúast um þetta ofbeldismál á hendur séra Gunnari, hverjum er bolað í burtu og hver skal vera þarna yfir,“ sagði Sigríður í samtali við Fréttablaðið. Þá hafði Valgerður gefið út að sóknarnefnd kirkjunnar væri einhuga í ósk sinni um að séra Gunnar kæmi aftur til starfa og gaf lítið fyrir ásakanirnar og niðurstöður skýrslu nefndarinnar.

Ein stærsta fréttabomba ársins sprakk svo í umdeildu söluútboði Íslandsbanka í apríl. Aðeins hluti handvalinna kaupenda átti þess kost að hagnast á hlutabréfakaupunum. Skilgreining á faglegum fjárfesti virtist oft ekki önnur en að kaupandi ætti 100.000 kall og væri í kunningjahópi Bankasýslunnar. Það var þrefað um allt of lágt kaupverð og ekki batnaði ástandið þegar í ljós koma að faðir fjármálaráðherra var í hópi kaupenda. Mót-mælafundir voru haldnir á Austurvelli svo vikum skipti, þekkt slagorð var: Bjarna burt!

„Það fer ákaflega illa saman þegar um ræðir ráðherrastöðu, fjölskyldutengsl og viðskipti, sérstaklega þegar um ræðir sölu ríkiseigna sem sonur kaupanda heldur utan um,“ sagði Henry Alexander Henryson síðfræðingur. Mikil skýrsla var unnin á vegum Ríkisendurskoðunar. Niðurstaðan: Ekki gott, en samt ókei!

Ekki er hægt að gera upp árið 2022 innanlands án þess að minnst á eldgos sem hófst í Meradölum á Reykjanesskaga 3. ágúst. Fyrst töldu vísindamenn að gosið væri tíu sinnum stærra en eldgos sem varð á svipuðum slóðum á Reykjanesskaganum ári fyrr. Raunin varð önnur: túristagos sem stóð yfir í skamman tíma og olli engum spjöllum.

Almannavarnir höfðu biðlað til almennings að fara ekki að gosstöðvunum, en þrátt fyrir tilmælin höfðu yfir eitt þúsund manns heim sótt svæðið á fyrsta degi gossins. Leiðin að gosinu var löng og grýtt og brýnt fyrir göngufólki að vera vel búid fyrir slíka göngu. En allt kom fyrir ekki, fólk skakklappaðist á svæðið illa útbúið og sumir á sandölum. Þurftu margir á aðstoð björgunarsveita og lögreglu að halda.

Þá var mikið um að fólk þvældist þarna um með kornung börn, þrátt fyrir að sett væri bann á börn tólf ára og yngri um tíma.

Ársins 2022 verður ekki saknað sérstaklega í veðurfarlegu tilliti. Í raun má segja að sumarið hafi aldrei komið. Skítaveður hafði margvísleg áhrif á samgöngur og þá ekki síst rétt fyrir jóln.


Gleðilegt nýtt ár! ■



Það má með sanni segja að það hafi gustað af íslensku þjóðkirkjunni á árinu, en mikillar ólgu gætti í Digraneskirkju í skugga ásakana á hendur sóknarpresti um kynferðislega áreitni og einelti. Presturinn var leystur frá embætti. Þá sakaði kirkjuvörður formann sóknarnefndar um andlegt og líkamlegt ofbeldi.



## Alvarlegasta slys ársins varð þegar flugvélin TF-ABB skilaði sér ekki að loknu útsýnisflugi.



Það þótti ganga kraftaverki næst þegar björgunarfólki tókst að kafa niður í Þingvallavatn og koma látnum flugmanni og farþegum upp á yfirborðið við afar erfiðar aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI



Íslandsbankamálið reyndist Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra erfitt, ekki síst þegar ljóst varð að faðir hans var meðal kaupenda. Margir mót-mælafundir fóru fram vegna sölnnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

# Pútín brestur dómgreind



Elin Hirst  
elinhirst  
@frettabladid.is

Það er napurlegt að hugsa til þess að nú yfir jólin, á meðan við njótum hátíðar ljóss og friðar, stendur árásarstríð Pútíns í Úkraínu sem hæst.

Volodímír Zelenskíj, forseti Úkraínu, stendur sem fyrr í stafni og lætur engan bilbug á sér finna, frekar en hermenn og almenningur í landinu.

Áhugavert er að fylgjast með Úkraínu-forseta á Twitter, en þar kemur hann yfirleitt daglega á framfæri skilaboðum til þjóðar sinnar og umheimsins.

Á aðfangadag birti Zelenskíj afar sorglegar myndir frá borginni Kherson við Svartahaf í Úkraínu. Fólk liggjandi í blóði sínu framan við verslun, brennandi bílar, rústir og öngþveiti: „Þetta er ekki viðkvæmt efni – þetta er hið raunverulega líf,“ skrifar hann. „Kherson í aðdraganda jóla, í miðbænum. Mikil skelfing þar sem drepið er í þágu ógnar og ánægju. Heimurinn verður að sjá hvaða illsku við erum að berjast gegn.“

Joe Biden Bandaríkjaforseti bauð Zelenskíj í heimsókn til Bandaríkjanna nokkrum dögum fyrir jól og Zelenskíj þáði boðið. Það var í fyrsta sinn sem hann fór frá Úkraínu frá því að Rússar hófu stríðið í febrúar árið 2022. Þetta sýnir hve Úkraínuforseti metur stuðning Bandaríkjamanna mikils, enda Bandaríkin eitt allra sterkasta herveldi heims. Nú síðast ákváðu Bandaríkjamenn að senda Úkraínuher hin öfluglu Patriot-eldflauga-vernarkerfi, sem eru talin einhver þróðustu vopn í heimi.

Mikill leyndarhjúpur hvílir hins vegar yfir einræðisherranum Pútín og hvað sé að gerast í hans nærumhverfi. Ljóst er að vöruskortur og verðhækkningar á nauðsynjavörum og leigu og hækkun vaxta er farið að hafa áhrif á almenningsálitid í Rússlandi gagnvart Pútín og dregið hefur úr vinsældum hans. Coca-Cola, IKEA og fleiri þekkt vörumerki eru horfin úr hillum neytenda. En fæstir þora að láta óánægju í ljós opinberlega. Erlendar leyniþjónustur hafa þó reynt að varpa einhverju ljósi á stöðuna innan Kremlarmúranna, en fregnirnar eru allar fremur óljósar. En eitt er víst að Pútín átti alls ekki von á að stríðið myndi þróast með þessum hætti. Það var fullkominn dómgreindarbrestur hjá honum að halda að hann næði auðveldlega yfirráðum í Úkraínu. ■

”  
Fæstir þora að láta óánægju í ljós opinberlega.



**MATUR OG HEIMILI  
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR**

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00



## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

### Úti að aka

Bílstjórinn á rútu Hópbíla sem festi sig tvisvar í nágrenni Víkur í Myrdal í fyrradag með ærinni fyrirhöfn fyrir björgunarsveitir og lögreglu hefur mögulega upplifað betri jól en þessi sem nú standa yfir. Að ekki sé nú talað um farþega hans. Þeir hljóta að hafa verið við það að hrísta af sér höfuðið yfir ósköpunum. Ofan á það að bílstjórinn eða þá hugsanlegur leiðangursstjóri um borð virti ekki lokanir og augljósa meinbugi á því að halda ferðinni áfram er því svo haldið fram að rútan sjálf sé ekki hæf til aksturs í slíkum aðstæðum yfirhöfuð. Hvernig er þetta eiginlega hægt?

### Jólunum bjargað

Í tölvupósthólf ritstjórnar Fréttablaðsins barst í gær sending frá einu þeirra fyrirtækja sem selja áfengi á vefnum og senda það heim til kaupenda. Kom þar fram að ef pantað væri fyrir klukkan 22 í gærkvöldi yrðu veigarar komnar heim til viðkomandi sama dag. Reyndar var líka opið á aðfangadag og á jöladag. Loksins er komið fram þjónustufyrirtæki sem er tilbúið að bjarga jólunum og það án þess að fólk þurfi að setja skoðningu út í glugga og biða eftir jólasveinum sem aldrei er hægt að vita hvað eiga í handröðunum. ■

## Tímamót í barnavernd



Ásmundur Einar Daðason  
mennta- og barna-  
málaráðgjafi

Nú um áramótin koma til framkvæmda umfangsmiklar breytingar á barnaverndarlögum sem samþykktar voru á Alþingi árið 2021. Breytingarnar eru mikilvægur hluti þeirrar kerfisbreytingar sem unnið er að í málefnum barna. Pólitískt skipaðar barnaverndarnefndir munu heyra sögunni til og þess í stað taka til starfa þrjú ný umdæmisráð barnaverndar. Eitt í Reykjavík, annað fyrir aðra hluta höfuðborgarsvæðisins og hið þriðja fyrir landsbyggðirnar.

Hlutverk umdæmisráða verður að kveða upp úrskurði um tiltekna þyngjandi ráðstafanir í barnaverndarmálum, til að mynda um vistanir barna utan heimila og ákvarðanir um umgengni barna í varanlegu fóstri við kynforeldra sína. Umdæmisráðin verða sjálfstæðar stjórnsýslueiningar, aðskildar frá starfsemi barnaverndarþjónustu, sem mun fara með daglega meðferð og vinnslu barnaverndarmála.

### Fagþekking skilyrði í umdæmisráðum

Hingað til hafa barnaverndarnefndir verið pólitískt skipaðar og þeir starfsmenn barnaverndarkerfisins sem fara með daglega vinnslu mála verið starfsmenn þeirra nefnda. Formlegur aðskilnaður milli þessara tveggja stiga, barnaverndarþjónustu og umdæmisráða, á að tryggja betri gæði ákvarðana og efla faglegar forsendur fyrir þeim.

Hvert umdæmisráð verður skipað einum lögfræðingi, sem einnig mun vera formaður ráðsins, einum félagsráðgjafa og einum sálfræðingi. Skipað er í ráðin til fimm ára í senn. Ríkar kröfur eru gerðar um fagþekkingu og hæfni þessara aðila þar sem reikna má með að allra þyngstu mál barnaverndarkerfisins rati fyrir ráðin. Ráðin munu hafa það hlutverk að leysa úr málunum með skjóttum og vandvirkum hætti.

Ég er ótrúlega ánægður með að þær stóru kerfisbreytingar á umhverfi barna sem við höfum unnið að undanfarin ár séu byrjaðar að skila sér. Verkefnið fram undan er svo að bæta enn frekar hvernig við veitum börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu. ■

”  
Pólitískt skipaðar barnaverndarnefndir munu heyra sögunni til.

# Skógrækt með fyrirhyggju



**Pétur Halldórsson**  
kynningarstjóri  
hjá Skógræktinni

Sleggjudómar um skógrækt á Íslandi koma fram í grein eftir Trausta Baldursson á vef Fréttablaðsins 19. desember. Þar er ýmislegt sett á skjön, ekki síst um þau viðskipti með kolefniseiningar sem hafa verið að þróast í okkar heimshluta og Íslendingar taka nú þátt í. Frumskilyrði viðskipta af þessum toga er að unnið sé með ábyrgum hætti samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Öll slík viðskipti fara eingöngu fram með alþjóðlega vottuðum einingum. Hver einasta eining er skráð eins og verðbréf, t.d. í Loftslagskrá Íslands. Engin eining er notuð á móti losun í grænu bókhaldi nema bindingin sé þegar orðin í skógi eða með öðrum hætti. Öll þau verkefni sem hafin eru eða eru komin í undirbúningsferli hérlandis má kynna sér á vefnum carbonregistry.com.

Annar handleggur eru verkefni þar sem ekki er unnið af þeirri ábyrgð sem Loftslagsráð hefur mælt með. Þarna verður að gera greinar mun á og ástæða til að taka undir varnaðarorð Trausta um mögulegan grænþvott. En verkefni sem unnin eru samkvæmt viðurkenndum regluverkum alþjóðlegra staðla og vottunar eru ekki grænþvottur. Það er skýrt.

Ísland er ekki eitt í heiminum. Við tökum þátt í því með öðrum þjóðum að berjast gegn loftslagsvánni. Skilyrði fyrir þátttöku í ábyrgum, vottuðum kolefnisverkefnum er að fyrst og fremst sé lögð áhersla á að draga úr losun. Á móti þeirri losun sem ekki er hægt að stöðva er unnið að mótvægisáðgerðum, svo sem að rækta skóg, græða upp land, bleyta í framræstu landi, loka mengandi orkuverum og setja upp græn orkuver í staðinn o.s.frv.

## Bindingin kemur fljótt

Skógar byrja fljótt að binda kolefni. Það er stutt gagnreyndum vísindum. Benda má á Skógarkolefnisreikni Skógræktarinnar sem byggður er á áratuga mælingum á bindingu íslenskra skóga, tölum sem sendar eru IPCC, milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál. Reiknirinn spáir fyrir um kolefnisbindingu mismunandi trjategunda á svæðum sem koma til greina til skógræktar á Íslandi eftir mismunandi gróskuflokkum. Binding hefst mjög fljótt í nýjum skógi og er farin að skipta tonnum á hektara á hverju ári, fáeinum árum eftir gróðursetningu. Að segja að skógar sem „plantað er nú fari ekki að binda kolefni fyrr en eftir rúman áratug“ er ósatt. Auk þess er baráttan við loftslagsbreytingar langtíma-verkefni og ekki veitir af að stofna til verkefna, eins og skógræktar, sem halda áfram að binda kolefni til langrar framtíðar.

## Ábyrg skógrækt

Engin trjategund sem notuð er á Íslandi hefur verið opinberlega skilgreind sem framandi, ágeng tegund. Skógræktin hefur nú aukid mjög eftirlit með útbreiðslu trjategunda með því að bæta mæliflötum við jaðar skógræktarsvæða inn í reglu- legar úttektir sem gerðar eru árlega. Algjörar frumniðurstöður úr þeirri vöktun birtust 25. nóvember í frétt á vef Skógræktarinnar. Birkir eru langduglegasta trjategundin að sá sér út en almennt er landnám trjategunda út fyrir skógræktarsvæði mjög lítið, hægt og vel viðuráðanlegt. Á svæði í

Steinadal í Suðursveit þar sem bent hefur verið á sjálfsáningu stafafuru eru sjálfsánar furur nú teknar og nýttar sem jólatré. Skógargeirinn sýnir því ábyrgð, bæði með vöktun og með því að hamla gegn útbreiðslunni. Upplagt er að nýta óvelkomnar furur sem jólatré enda ungar furur á bersvæði gjarnan fyrsta flokks jólatré, hægvaðin og þétt.



Ísland er ekki eitt í heiminum. Við tökum þátt í því með öðrum þjóðum að berjast gegn loftslagsvánni.

## Mikil skógrækt á rofnu landi

Án þess að vísa í gögn fullyrðir Trausti Baldursson að langstærsti hluti skógræktar í dag, „líklega yfir 90%“, fari fram á þegar grónu landi sem sé að binda kolefni. Forvitnilegt væri að sjá gögn hér að baki en ólíklegt er að þau séu til. Hins vegar eru góð gögn til um gróðursetningu undanfarinna ára eftir verkefnum. Þar hafa stór birkiútbreiðsluverkefni stóráukist undanfarið, verkefni á borð við Heklusköga og Þorlákssköga þar sem gróðursett er í rofið land. Á milli 30 og 40 prósent gróðursetningar fara nú fram í slíkum verkefnum, ekki 10%. Aðeins er gróðursett í hluta lands en á næstu áratugum munu þeir skógar sá sér yfir mun stærri svæði á lítt grónu landi.

Góð gögn eru einnig til um að jarðvinnsla til nýskógræktar leiðir til lítillar sem engrar kolefnislosunar. Skógurinn leiðir fljótt til bindingar sem vegur upp þá litlu mögulegu losun. Bindingin eykst svo ár frá ári. Benda má á gögn úr rannsóknunum dr. Brynhildar Bjarnadóttur, sem sýndu mikla kolefnisbindingu í jarðvegi í ungum lerkiskógi aðeins um áratug eftir jarðvinnslu. Jarðvinnsla eykur vöxt skógarins svo mikið samanborið við óhreyft land að útkoman verður aukin binding CO2, ekki losun.

## Mest gróðursett af birki

Trausta Baldurssyni er talan 90% hugleikin því hann fullyrðir einnig að „líklega langt yfir 90%“ þeirra trjáa sem gróðursett eru á Íslandi séu, „framandi tegundir sem sumar hafa sýnt sig að vera ágengar í öðrum löndum“. Staðreyndin er hins vegar sú að engin trjategund er notuð í skógrækt á Íslandi sem hefur sýnt sig að vera ágeng á Íslandi eða fullnægir lagalegri skilgreiningu á ágengni tegunda. Þá er íslenskt birki mest gróðursetta trjategundin í skógrækt á Íslandi og mikilvægt að halda því til haga að útbreiðsla íslensku birkiskóganna er stærsta skógræktarverkefni sem unnið er að á Íslandi.

Stjórnvöld hafa sett sér þá stefnu að stækka útbreiðslusvæði birkis úr 1,5 prósentum landsins nú, upp í fimm prósent 2030, sem framlag sitt til svokallaðrar Bonn-áskorunar Evrópulandanna. Þar koma m.a. til stóru birkiverkefni sem áður voru nefnd. Af um 5,3 milljónum trjáplantna sem gróðursett voru á Íslandi 2021 eru rúmar tvær milljónir ilmbjörk eða um 38 prósent, en ekki 10%. Þetta sést í talnaefni í nýjasta hefti Skógræktarritsins sem er að koma út þessa dagana.

## Rofið er vandamálið

Þegar lítið er til þess að ræktaðir skógar eru einungis hálf prósent Íslands og stefna í skógrækt á Íslandi gerir ekki ráð fyrir nema tveimur prósentum um næstu aldamót er erfitt að sjá að skógrækt muni umbylta vistkerfum Íslands eða veikja líffjölbreytni á Íslandi. Það sem veikir líffjölbreytni á Íslandi er hins vegar gróðureyðing og jarðvegsrof sem því miður geisar enn á landinu okkar. Roföflin hafa eytt stórum hluta þeirra svæða á Íslandi sem voru kjörlendi ýmissa fuglategunda, meðal annars þeirra sem við berum alþjóðlega ábyrgð á samkvæmt verndarsáttmálum. Baráttumál Trausta Baldurssonar númer eitt ætti að vera að efla það góða starf sem bændur og fleiri vinna við landeflingu á þeim stóru svæðum Íslands sem gætu verið kjörlendi fuglanna, en eru það ekki, af því að gróður hefur eyðst. Þau landsvæði sem tekin eru til skógræktar á Íslandi eru langt í frá náttúrleg vistkerfi. Þetta er búsetulandslag, örur rist af aldalangri nýtingu. Að halda því fram að skógrækt eyðileggi náttúrleg vistkerfi heitir að kasta ryki í augu fólks.

## Skógrækt hefur mikið aðhald – sem er gott

Skógrækt á Íslandi er ekki viðfeðm og óheft. Hún er stunduð á litlu broti landsins og verður svo áfram, þrátt fyrir að hún fari nú hlutfallslega mjög vaxandi. Algengt áróðursbragð gegn skógrækt er að halda því fram að hún sé óheft, hömlulaus, stjórnláus eða þvíumlíkt. Ekkert er fjær sanni. Skógrækt á Íslandi, sem faglega er staðið að, er ekki heldur í andstöðu við lög um náttúruvernd. Skógrækt er bundin í skógræktarlög og lýtur ákvæðum laga um náttúruvernd, minjavernd, skipulag og fleiri þætti í tilveru okkar. Auk þess þurfa skógræktaráform að fá blessun sveitarfélaga á hverju svæði. Allt þetta aðhald tryggir að svæði sem nauðsynlegt er að vernda verða ekki tekin undir skógrækt. Fjórðungur landsins er friðlýst svæði, hálf prósent ræktaður skógur. Hvar er hættan?



Það sem veikir líffjölbreytni á Íslandi er hins vegar gróðureyðing og jarðvegsrof sem því miður geisar enn á landinu okkar.

Skógrækt á Íslandi er stunduð með fyrirhyggju af ábyrgð og þekkingu. Vandaðar rannsóknir eru stundaðar og nákvæm skráning á bróðurparti allra skógræktarverkefna í landinu. Skógrækt á Íslandi er engum og engu til óþurftar enda tekur hún tillit til náttúru Íslands. Hins vegar er öllum sem vilja velkomið að vera á móti henni. Í þau rúmu 120 ár sem skógrækt hefur verið stunduð á Íslandi hefur ekki skort á andstæðinga hennar og efasemdarfólk. Þetta fólk hefur verið og verður áfram gagnlegt aðhald, til viðbótar við aðhald laga og skipulagsákvæða, sem tryggir að alltaf verði unnið á vandaðan hátt og af ábyrgð að skógrækt á Íslandi, landinu og landsmönnum til hagsbóta. Gagnlegasta gagnrýnin er þó sú sem byggð er á réttum tölum og sannindum. ■

# ÚTSALA

## hefst á morgun



ALLT AÐ  
**60%**  
AFSLÁTTUR



[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

VEFVERSLUN  
**ALLTAF  
OPIN**



Skannaðu QR kóðann og skoðuðu útsöluvörurnar

AFGREIÐSLUTÍMI NÆSTU DAGA  
Þriðjudag - föstudag 11–18  
Gamlársdagur og nýársdagur - LOKAÐ



Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**

Láttu drauminn ræstast

FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING  
á Hringbraut







FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

ÞRIÐJUDAGUR 27. desember 2022



Samkomutakmarkanir í Covid gætu hafa haft slæm áhrif á fólk.

## Covid-eftirköst

elin@frettabladid.is

Eftirköst Covid-19 eru orðin að stóru rannsóknarverkefni. Margir telja sig vera með langvarandi afleiðingar eftir veikindin. Engin próf eru þó til sem sanna að fólk sé með eftirköst Covid. Læknar eru því háðir því hvað fólk telur sjálft vera siðbúna afleiðingar eftir Covid.

Danskir vísindamenn hafa kann að hvort hópur Dana, sem taldi sig hafa fengið Covid-19, hafi fengið sjúkdóminn. Haft var samband við Facebook-grúppu sem nefnist: Covid-sjúklingar með langvarandi einkenni. Átta þúsund meðlimum var boðið að taka þátt en einungis 1.000 svöruðu. Þeir sögðu frá mismunandi einkennum, orkuleysi, þreytu, þunglyndi, verkjum, svefnvandamálum, einbeitingu og lélegu lyktar- og bragðskyni.

341 var boðið að koma í blóðtöku á sjúkrahúsi til að kanna mótefni. Greint var á milli mótefna frá bóluefnum og sjúkdómnum. Rannsóknin leiddi í ljós að 109 þátttakendur höfðu aldrei fengið Covid-19.

### Aðrar ástæður

Einn rannsakenda, Kasper Iversen, sagði við Politiken, að þessu fólki liði ekki vel og hefði mismunandi einkenni. Vandamál þeirra tengjast þó ekki Covid. Aðrar ástæður eru fyrir þessum einkennum. Þunglyndi af völdum lokunar samfélagsins í Covid gæti verið ein ástæða. Þátttakendur voru aðallega konur en rannsóknin sýnir að einn af hverjum þremur sem telur sig hafa fengið Covid hafði ekki fengið sjúkdóminn. ■



POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

HEILAPÓKA?

AUKIN ORKA OG FÓKUS

Fæst í helstu apótekum - [www.celsus.is](http://www.celsus.is)

Jón Þór Viglundsson, upplýsingafulltrúi hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, með jeppaflugelda og fleira flott fyrir gamlárskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vonast til að sjá sem flesta

Flugeldasala björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefst á morgun, miðviku-daginn 28. desember. Hún stendur stærstan straum af árlegu starfi björgunarsveitanna. **2**

„Ég man eftir flugeldum um öll áramót síðan ég var lítill þjakkur og afi og pabbi bjástruðu við að skjóta upp raketttum sem þeir kveiktu í með vindlunum sínum. Það bara tilheyrði og ég fékk að halda á stjörnuljósi, ákaflega hátíðlegt og skemmtilegt. Síðan hef ég alltaf fagnað áramótum með því að skjóta upp flugeldum og þykir það ómissandi hluti af þeirri heilögu þrenningu sem gamlárskvöld er; að borða góðan mat umvafinn fjölskyldunni, horfa á áramótaskaupið og skjóta upp flugeldum.“

Þetta segir Jón Þór Víglundsson, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Hann er í hátíðarskapi, enda skemmtilegur tími hjá félögum björgunarsveitanna.

„Þetta er félagslega mjög skemmtilegur tími því björgunarsveitarfólk um allt land kemur saman til að setja upp sölustaði í gámum, í björgunarsveitarhúsum eða auðu húsnæði sem þær fá lánað fyrir söluna þessa daga og mörgum gömlum félögum sem eru ekki lengur á útkallslista þykir gaman að vera með og leggja hönd á plóg,“ segir Jón Þór.

### Draga markvisst úr mengun

Flugeldasala Landsbjargar er ein stærsta fjárflokkurleidd ársins og stendur í sumum tilvikum undir allt að 80 prósentum af rekstri björgunarsveita.

„Önnur meginstöð okkar er Bakverðir Landsbjargar, þar sem þúsundir landsmanna hafa ákveðið að styðja við okkur með mánaðarlegum framlögum. Við erum ofboðslega stolt og ánægð með þann vaska hóp, það er alltaf pláss fyrir fleiri og öllum tekið fagnandi,“ segir Jón Þór.

„Flugeldasalan er gríðarlega mikilvæg. Við gerum okkur grein fyrir að flugeldum fylgir einhver mengun en vörúvalið er í stöðugri endurskoðun og við vinnum markvisst að því að gera flugelda eins umhverfisvæna og kostur er. Við höfum verið í átaki við að minnka plast í umbúðum og vörum sjálfum, til dæmis plasthausum á stórum raketttum og plasti utan um kveikinn,“ greinir Jón Þór frá.

Flugeldarnir koma frá Kína. „Kinverjar hafa unnið með þúður í ansi margar aldir og kunna þetta mjög vel, þó svo að litadýrin í dag sé ekki sú sama og áður. Það er vegna þess að við höfum markvisst útrýmt nær öllum þungmálmum úr flugeldum en það voru þeir sem sköpuðu þessa djúpa bláu, rauðu og grænu liti. Í staðinn erum við komin út í pastellitina, sem er mun vistvænni kostur,“ segir Jón Þór.

### Jeppar sprengdir um áramót

Um hver áramót kynna björgunarsveitir Landsbjargar spennandi nýjungar í flugeldum.

„Úrval afskotkókum er mikið og allir sem geta fundið eitthvað við hæfi, hvort sem þeir vilja sjá ljósadýrðina springa fyrir ofan sig eða horfa á falleg gos eða brennu á jörðu niðri. Í fyrra kynntum við til sögunnar nýja línu sem við köllum Tækjaterur en þar er til dæmis hægt að kaupa sér vélsleða, jeppa eða björgunarskip og nú bætum við í. Því er hægt að grínast með það að hafa keypt sér nýjan jeppa að morgni gamlársdags og segjast ætla að sprengja hann í tætlur að kvöldi,“ segir Jón Þór og skellir upp úr.

Hann segir flugelda örjúfalegan hluta af áramótahefðum Íslendinga. Það leyni sér ekki þegar landsmenn komi út til að fagna áramótum um leið og skaupið er búð.



## Við höfum markvisst útrýmt þungmálmum úr flugeldum sem sköpuðu djúpa liti. Í staðinn erum við komin út í pastellitina sem eru mun vistvænni kostur.

„Langstærstur hluti sölunnar á sér stað á gamlársdag og við sjáum á innkaupahefðum landsmanna að flestum þykir ómissandi stemning að fara eftir hádegi á flugeldasölu og velja sér skemmtun fyrir kvöldið. Þá eru börnin oftast með í för og sölufólkið sér eftirvæntingarglampana í augum þeirra yfir að mega velja sér eitthvað skemmtilegt, eins og falleg stjörnuljós og blys. Þó að það sé hefð hjá mörgum að fara á sölustaðina eru alltaf fjölmargir sem velja að kaupa á netinu, og margar björgunarsveitir bjóða upp á netsölu.“

### Fróðleikur á flugeldar.is

Á vefsíðunni flugeldar.is er að finna gagnlegan fróðleik og leiðbeiningar um notkun flugelda á áramótum. Þar má líka sjá myndbönd og lýsingu á langflestum skotkókunum sem auðveldar fólki að velja það sem því list best á.

„Okkur er mjög umhugað um slysavarnir þegar kemur að flugeldum, þar hefur Landsbjörg verið leiðandi. Við byrjuðum fyrir

mörgum árum að gefa börnum öryggisglæraugu á sölustöðum en sendum nú gjafabréf fyrir þeim inn á um 30.000 heimili þar sem eru börn á aldrinum 10 til 15. Það gerum við í góðri samvinnu við Blindrafélagið, Prentmet Odda, Póstinn og Sjóvá. Við hvetjum alla til að nota öryggisglæraugu þegar flugeldum er skotið á loft og viljum ekki sjá nein augnslys. Það er mikilvægt að umgangast þessa vöru af skynsemi og varkárni. Vera alltaf með góða hanska og tryggja að börn séu ekki eftirlitslaus með blys og stjörnuljós. Þá fara áfengi og flugeldar aldrei saman. Það er almenn kurteisi að sýna nágrönnum sínum tillitssemi og hafa flugeldasýninguna sína bara á gamlárskvöld og þrettándanum, en ekkert þar á milli,“ segir Jón Þór.

Á flugeldar.is eru einnig góðar leiðbeiningar sem gagnast dýraeigendum um áramót.

„Á gamlárskvöld þurfum við að hugsa vel um dýrin sem mörg eru lítt hrifin af ljósadýrð og hvellum. Gott ráð er að draga fyrir glugga og spila tónlist til að draga úr hljóðum og ljósablikki sem þau sjá og heyra. Enginn þekkir gæludýr sitt betur en eigandinn en dýrasálfræðingar hafa bent á að gæludýr og sérstaklega hundar horfi á viðbrögð eiganda sinna og um leið og þeir fara að vorkenna dýrinu skynji þau að þetta sé pinulítið hættulegt, en um leið og eigendur láta sem ekkert sé verða dýrin rólegri. Á flugeldamörkuðum björgunarsveitanna má einnig fá hágæða heyrnarhlífur fyrir yngri kynslóðina, sem sumum hverjum finnst nógu um lætin,“ segir Jón Þór.

Jón Þór segir flugelda vera ómissandi hluta af áramótahefð Íslendinga og að bjóðarbúið njóti líka góðs af miklum fjölda ferðafólks sem kemur gagnert til landsins til að upplifa fögnuðinn með landsmönnum og sjá magnaða ljósadýrðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

varnadeildin Þorkatla í Grindavík kom sterk inn í staðinn. Það sama gerðist þegar slysavarnadeildin Dagbjörg í Reykjanesbæ setti upp mótuneyti fyrir björgunarsveitarfólk sem var að störfum á svæðinu þar sem það gat fengið heitan mat og tekið með sér samlokur og drykki út aftur. Þetta var fólkið sem hélt björgunarsveitunum gangandi en margir stóðu vaktina á þriðja sólarhring með lítilli hvíld á milli,“ upplýsir Jón Þór.

Hann segir slysavarnadeildir Landsbjargar ómissandi bakland fyrir björgunarsveitirnar því þær mynda eina samheldna heild.

„Þær sinna einnig mikilvægu forvarnarstarfi í samvinnu við ferðaþjónustuna og ríkið þegar kemur að upplýsingagjöf og upplýsingaskiltum, dreifa endurskinsvestum og endurskinsmerkjum í leikskóla og sinna fjölmörgum þörfum verkefnum.“

Þá er ótalið Safetravel-verkefnið, slysavarnir ferðamanna, þar sem allt að 100 þúsund IP-tölur hafa komið inn á heimasíðuna á degi hverjum. Við hvetjum alla til að láta vita af ferðum sínum á safetravel.is því ef eitthvað kemur upp á skiptir sköpum að fyrir liggja hvert fólk ætlaði og hvaða leið. Þar hafa Almannaþingin, Samtök ferðaþjónustunnar og ráðuneyti ferðamála verið ómetanlegur samstarfsaðili við að halda úti þessu stóra og mikilvæga verkefni. Við viljum öll tryggja að Ísland sé öruggur staður að koma til og að ferðafólk upplifi sig öruggt á ferðalögum um landið.

Svo má ekki gleyma að flugeldahafði okkar Íslendinga hefur gert að verkum að erlendir ferðamenn flykkjast til landsins til að upplifa áramótin með okkur. Það hefur verið tekið saman að þakjur af ferðafólki sem kemur til Íslands yfir áramót eru margfalt það sem björgunarsveitirnar fá inn á sama tíma. Þetta er því líka gott fyrir þjóðarbúið og þessi hefð okkar trekkir að gesti sem fara uppveðr- aðir heim.“

### Þakklát fyrir stuðninginn

Jón Þór var virkur félagi í björgunarsveitum á árum áður.

„Það var mjög skemmtilegur, lærdómsríkur og þroskandi tími. Maður lærði ekki bara helling í skyndihjálp og ferðamennsku heldur líka um sjálfan sig og hvað maður getur, því allir geta gert talsvert meira en þeir halda og þurfa að komast út fyrir þægindarammann til að uppgötva leynda hæfileika og getu. Að starfa í björgunarsveit er líka frábær leið til þess að skoða landið sitt,“ segir Jón Þór.

Hann bendir á að Landsbjörg sé samtök sjálfbóðaliða.

„Þegar útkall kemur er fullt af fólki tilbúið að hlaupa frá því sem það er að gera á þeirri stundu til að koma okkur hinum til aðstoðar. Við búum í landi þar sem veður eru válynd og geta breyst mjög hratt og þá er gott að vita til þess að við eigum þennan hóp sem er tilbúinn að koma. Það gætu þeir hins vegar ekki nema vinnuveitendur þeirra og fjölskylda sé tilbúin að leyfa þeim að fara. Því eru mörg fyrirtæki í raun meðal okkar stærstu styrktaraðila, án þess að gera sér grein fyrir því, því þau leyfa fólki að hlaupa úr miðju verki, án þess að draga af þeim laun eða frí og í því felst mikill og dýrmætur stuðningur sem við erum mjög þakklát fyrir,“ segir Jón Þór.

Hann vonast til að sjá sem flesta á flugeldasölum björgunarsveita Landsbjargar. ■

Nánar um Landsbjörg og flugelda á landsbjorg.is og flugeldar.is





**FRANSEN síð úlpa**  
Fæst líka í blágrænu  
Stærðir 38-52  
Verð 33.980 kr



**NORMANN Dúnúlpa með ekta skinny**  
Fæst líka í svörtu  
Stærðir 38-54  
Verð 64.980 kr



**FRANSEN úlpa með skinnkraga**  
Stærðir 38-54  
Verð 52.980 kr



**FRANSEN síð dúnúlpa með skinni**  
Fæst líka í svörtu  
Stærðir 38-54  
Verð 59.980 kr



**FRANSEN síð úlpa**  
Fleiri litir til  
Stærðir 38-58  
Verð 29.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZEZE  
Nordic

Q'UE



**YEST/YESTA úlpa með loðkraga**  
Stærðir 38-56  
Verð 28.980 kr



**YEST/YESTA Stungin úlpa**  
Fæst líka í grænu  
Stærðir 38-56  
Verð 17.980 kr



**YEST/YESTA stutt úlpa**  
Stærðir 36-56  
Verð 16.980 kr



**FRANSEN létt dúnúlpa**  
Fleiri litir til  
Stærðir 38-52  
Verð 22.980 kr



**ZE ZE Somaz úlpjakki**  
Fæst líka í bláu  
Stærðir 38-48  
Verð 11.990 kr

SUNDAY  
by Godske

FRANSEN

festival  
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



**-LASESSOR Bobbie ullarhanskar**  
Fæst líka í gráu  
Verð 3.990 kr



**LASESSOR Fonda leðurhanskar**  
Fæst líka í gráu  
Verð 9.990 kr



**YIWU Daisy fóðraður hattur**  
Fleiri litir til  
Verð 4.990 kr



**DUFFEL helgarferðataska**  
Fæst líka í svörtu  
Verð 8.990 kr



**APENA veski**  
Fleiri litir til  
Verð 8.990 kr



**FREYJA hliðartaska**  
Fleiri litir til  
Verð 8.990 kr



**LASESSOR Moomin Fjölnotapokar**  
Verð 2.990-3.990 kr



**MAJA seðlaveski með símahólfi**  
Fleiri litir til  
Verð 7.990 kr

Verslunin Belladonna

**belladonna**Lítu við á  
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## AÐALKAUP

Bílasala



### TIL AFHENDINGAR STRAX Á FRÁBÆRU VERÐI!!!

SUZUKI VITARA GL++. Árgerð 12/2021, "NÝR" ÖEKINN, bensin/hybrid, framdrifinn, sjálfskiptur. Mjög vel útbúinn og sparneytinn jepplingur á mjög góðu verði. Eigum til fleiri líti. Verð aðeins kr.4.977.000- Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120766.

Aðalkaup - Bílasala  
Skeifan 3C, 108 Reykjavík  
Sími: 888 3715  
adalkaup@adalkaup.is  
http://adalkaup.is

## AÐALKAUP

Bílasala



### 100% RAFMAGN - TIL AFHENDINGAR STRAX!!!

RENAULT KANGOO Express z.e. 100% rafmagn. 12/2021, "NÝR" ÖEKINN, rafmagn, sjálfskiptur. Uppgefin WLTP drægni 240km. Verð aðeins kr.4.977.000-. Erum með 10 stk. til afhendingar strax á þessu frábæra verði fyrir áramót! Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120765.

Aðalkaup - Bílasala  
Skeifan 3C, 108 Reykjavík  
Sími: 888 3715  
adalkaup@adalkaup.is  
http://adalkaup.is

## Bílar til sölu



### RENAULT TRAFIC TIL SÖLU

Renault Trafic langur árgerð 2018 ek 80þ.km. Umboðsbíll í góðu standi. Rennihurð á báðum hliðum, dráttabeisli, toppbogar, bakkmyndavél, Cruise control. Spólvörn. Sumar og vetrardekk á felgum

Nánari upplýsingar í síma 660-7010

## Þjónusta

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666 Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

· SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MEÐ HJÁLPI AÐ HANDAN  
· HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI  
S. 5574391

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Keypt & Selt

## Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



### Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Til bygginga



### NÝKOMID BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100 Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Oseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

## Heilsa

### Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S. 564-6500

GEYMSLUR.IS Sími 555-3464 Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

### Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# GLEÐILEG JÓL

## OG GÓÐAN JÓLAANDA

HEILBRIGT INNILOFT SKIPTIR ALLA MÁLI.



# Íshúsið



S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

ALLT FYRIR HEILBRIGT INNILOFT





Okkar elskulegi pabbi,  
afi, bróðir og vinur,  
**Sigurður Ólafur Gunnarsson**  
flugvélstjóri,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á sjúkrahúsi  
í Alicante þriðjudaginn 6. desember.  
Jarðarförin verður þriðjudaginn 3. janúar klukkan 13  
í Friðkirkjunni í Reykjavík.

Hægt verður að nálgast streymi frá athöfninni á streyma.is

**Jökull Sigurðsson**  
**Mjöll Sigurðardóttir**  
**Geir Sigurðsson**  
**Gerður Gunnarsdóttir**  
**Gauti Gunnarsson**

**Guðrún Elva Guðmundsdóttir**  
**Vilma Kinderyte**  
**Grétar Br. Kristjánsdóttir**  
**Jacqueline Gunnarsson**  
og afabörn



Elskuleg eiginkona mín, móðir,  
tengdamóðir og amma,  
**Steinunn Ásta Björnsdóttir**  
Logafold 64, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi  
miðvikudaginn 14. desember.  
Útför hennar fer fram miðvikudaginn  
28. desember kl. 13.00 frá Grafarvogskirkju. Þeim sem vilja  
minnast hennar er bent á MND-félagið.

**Jón Frimann Eiríksson**  
**Anna María Jónsdóttir** **Christian Hansen**  
**Emil og Oliver**



Tómas fór með Dendi í fyrstu skiðaferðina sína í vikunni.

MYND/ADSEN

## Sjerpni nýtur íslensku jólaanna

Íslandsvinurinn Dendi er nú  
staddur á landinu til að kynna  
jólaöldum Íslendinga.

arnartomas@frettabladid.is

Sjerpinn Dendi er mikill Íslandsvinur og  
dvelur nú á Íslandi til að njóta jólaanna.  
Hann hefur í gegnum árin verið duglegur  
að taka á móti íslenskum fjallahópum  
í Nepal og fylgir þeim meðal annars upp  
í grunnbúðir Everest-fjalls. Dendi gísir  
nú hjá fjallamanninum og hjartaskurð-  
lækninum Tómasi Guðbjartssyni en  
þeir félagar kynntust fyrst í gegnum  
Facebook.

„Hann á ansi marga vini sem hann  
hefur aldrei hitt á Íslandi sem eru mikið  
í útivist og fjallamennsku, og ég var einn  
af þeim,“ segir Tómas. „Ég átti inni tveggja  
vikna sumarfrí í haust eftir mikla törn í  
vinnunni í sumar svo ég ákvað með  
litlum fyrirvara að skella mér til Nepal.“

Þótt flestir láti sér nægja að kíkja til  
Kaupmannahafnar eða London með  
stuttum fyrirvara er landslagið helst of  
flatt í stórborgunum fyrir fjallamann  
eins og Tómas.

„Flestir eru einhver ár að undirbúa  
svona en ég var kominn til hans þarna  
eftir tvo, þrjá daga,“ segir hann.

### Lífíð í Katmandú

Í Nepal fóru þeir Dendi og Tómas  
saman á fjöll á undan háannatíma í  
ferðarþjónustunni. Dendi bauð Tómasi  
þá að gista hjá fjölskyldu sinni í stað  
þess að vera á hóteli.

„Ég var sko meira en í til í það að  
þiggja þessa gestrisni,“ segir Tómas sem  
fékk þá að kynna vínahópi og fjöl-  
skyldu Dendi. „Ég ferðaðist með Dendi  
aftan á mótorhjólínu hans. Hann á ekki  
bíl en göturnar eru mjög þröngar þarna  
í Katmandú.“

Tómas hafði mikinn áhuga á að  
kynna daglegu lífi í Nepal, til dæmis  
fjölskyldum, skóla- og læknisþjónustu.  
Dendi var vel tengdur og kom Tómasi  
þá í tengsl við þá sem þurfti að tala við.

„Það fréttist smám saman að ég væri  
læknir og ég breyttist í hálfgerðan  
heimilislækni á tehusunum um kvöld-  
ið,“ útskýrir Tómas. „Þangað komu til  
dæmis ættingjar og vinir hans sem  
ekki höfðu komist til læknis. Það getur  
stundum tekið tvo þrjá daga fyrir fólk  
þarna að komast til læknis, og þjón-  
ustan er ekkert alltaf í boði. Þetta var  
gríðarlega gefandi upplifun.“



Dendi er góður kokkur og eldaði Himalaja-karrirétt fyrir Tómas og Dagnýju.



Hann hélt að Íslendingar  
borðuðu nánast bara skötu.



Tómas Guðbjartsson,  
hjartaskurðlæknir og  
fjallagarður

### Skata og skíði

Dendi hafði áður komið til Íslands, árið  
2017, en vildi endilega fá að kynna  
íslensku jólaöldum. Síðan hann kom til  
landsins hefur hann fengið að kynna  
ýmsum þjóðlegum síðum, meðal annars  
skötuveislu.

„Hann er svo vinmargur hér á landi að

við stofnuðum Facebook-hóp í kringum  
hann. Þar fengu allir hugmyndina um  
að leyfa honum að smakka skötu,“ segir  
Tómas og bendir á að Dendi hafi farið í  
allt of margar skötuveislur. „Hann hélt  
að Íslendingar borðuðu nánast bara  
skötu. Svo fékk hann hjá mér fyllt lamba-  
læri á aðfangadag og kalkún á jóladag.“

Dendi er mikill kokkur sjálfur og bauð  
Tómasi og Dagnýju eiginkonu hans upp  
á dýrindis karrirétt frá Himalajafjöllum.  
Nýjungagirninn einskorðast þó ekki við  
matseldina því Dendi fór í fyrsta skipti  
á skíði í vikunni.

„Ég var svo hissa að komast að því að  
hann hefði aldrei farið á skíði því það er  
svo mikill snjór í Nepal,“ segir Tómas.  
„Þetta eru samt svo brattar brekkur og  
snjórin efst í fjöllum að þeir nota  
snjóþrúgur frekar en skíði.“

Tómas dróg Dendi þess vegna með  
sér á ferðaskíði og var fjallagarðurinn  
fljótur að komast upp á lagið með þau.  
Vínir Dendi á Íslandi stefna nú að því  
að verða með einhvers konar Himalaja-  
kvöld honum til heiðurs áður en hann  
fer heim í janúar. ■

### Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



### Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna  
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



### Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



### Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

**SR3**

**STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
30 ÁRA**

**GULLÖLD**

**SVEIFLUNNAR**

**PÁLL ÓSKAR**

**REBEKKA BLÖNDAL – MARÍNA ÓSK**

**Glæsilegustu nýárstónleikar ársins!**

Sívinsælir sveiflutónleikar Stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930-50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma.

Gestasöngvar eru **Páll Óskar, Rebekka Blöndal og Marína Ósk.**

▶ **8. JANÚAR**

▶ **KL. 20.00**

▶ **ELDBORG**

Stjórnandi & kynnr: Sigurður Flosason

Miðasala á **HARPA.IS** og **TIX.IS**

## Dagskrá

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Visindin og við (e)** Visindin og við er þáttaröð um fjölbætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

- 07.30 KrakkaRÚV**
- 10.00 Fólkið í blokkinni**
- 10.55 Ég heiti William**
- 12.20 Yngsta dragdrottning Danmerkur - Jóláóskinn**
- 12.55 Heimaleikfimi**
- 13.05 Velkominn Árni**
- 14.10 Enn ein stöðin**
- 14.40 Retro Stefson - allra síðasti sjens**
- 15.40 Kiljan**
- 16.20 Með okkar augum**
- 16.50 Meistarinn - Ernst Billgren**
- 17.15 Íslendingar** María Markan
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Tilraunastofan**
- 18.24 Hönnunarstirninn**
- 18.42 Áhugamálið mitt**
- 18.50 Lag dagsins** Grúska Babúska - Brokk.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós** Annáll.
- 20.10 Kveikur**
- 20.55 Sagan af A-ha A-ha The Movie** Norsk heimildarmynd um popphljómsveitina A-ha. Fylgst er með þremmenningunum í A-ha á tónleikaferðalagi um leið og saga þeirra er rakin.
- 22.00 Hljómsveitin Orkestret**
- 22.30 Því spurði enginn Evans? Why Didn't They Ask Evans?** Bresk sakamálamynd í þremur hlutum, byggð á sögu Agóthu Christie. Maður nokkur finnst illa til reika og áður en hann gefur upp öndina muldrar hann dularfulla setningu sem enginn fær botn í.
- 23.30 Veðramót**
- 01.10 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

- 08.00 Kanínuskólinn - isl. tal**
- 09.15 Geimhundar - isl. tal**
- 10.40 Álög drekans - isl. tal**
- 12.20 Five Star Christmas**
- 13.45 Missir**
- 14.25 Matarboð**
- 15.00 Elska Noreg**
- 15.35 A Christmas Carousel** Rómantísk sjónvarpsmynd frá 2020.
- 16.35 A Godwink Christmas. Second Chance, First Love** Hugljúf jólamynd frá 2020.
- 18.00 Planes, Trains and Automobiles**
- 19.30 Love Island Australia**
- 20.30 La La Land** Sagan er um þau Miu og Sebastian sem eru bæði komin til Los Angeles (La La lands) til að láta drauma sína rætast, hún sem leikkona og hann sem pianóleikari. Þau hittast fyrir tilviljun þegar þau ströggla bæði.
- 22.40 A Monster Calls**
- 00.25 The Hustle**
- 02.00 Love Island Australia**
- 03.00 Only the Brave**
- 05.00 Tónlist**

## Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 08.55 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 09.45 Eldhúsið hans Eypórs**
- 10.05 Supergirl**
- 10.50 30 Rock**
- 11.55 The Carrie Diaries**
- 12.40 Eldað af ást**
- 12.50 Masterchef USA**
- 13.25 Your Home Made Perfect**
- 14.25 Home Economics**
- 14.50 The Good Doctor**
- 15.30 30 Rock**
- 15.50 Rent-an-Elf**
- 17.20 Bold and the Beautiful**
- 17.40 The Carrie Diaries**
- 18.20 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Annáll 2022**
- 19.00 Ísland í dag**
- 19.05 Shark Tank**
- 19.50 Masterchef USA**
- 20.35 The Cleaner**
- 21.05 War of the Worlds**
- 21.55 Unforgettable**
- 22.35 Tell Me Your Secrets**
- 23.20 Prodigal Son**
- 00.05 S.W.A.T.**
- 00.45 War of the Worlds**
- 01.35 The Mentalist**
- 02.15 Supergirl**
- 02.55 30 Rock**
- 03.35**

## Litið yfir farinn veg

Í Fréttavaktinni á Hringbraut klukkan 18.30 byrjar Margrét Erla Maack að líta yfir atburði ársins. Þar mun ýmislegt áhugavert og skemmtilegt koma upp úr hattinum. Margrét heldur samantekt sinni áfram næstu tvo daga en á föstudagskvöld munu þau Elín Hirst og Sigmundur Ernir Rúnarsón taka á móti góðum gestum og líta með þeim yfir árið sem senn er á enda. ■



## Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

## LÁRÉTT

- 1 feyskinn  
5 boð  
6 vafi  
8 mótlæti  
10 í röð  
11 stjaka  
12 eind  
13 garmur  
15 þenslu  
17 gramar

## LÓÐRÉTT

- 1 inngangur  
2 málmur  
3 svelg  
4 hafna  
7 ósvifinn  
9 not  
12 standberg  
14 herma  
16 átt

LÁRÉTT: 1 fúinn, 5 orð, 6 ef, 8 raunir, 10 mn, 11 yta, 12 stak, 13 lakki, 15 spennu, 17 argar.  
LÓÐRÉTT: 1 formáls, 2 úran, 3 íðu, 4 neita, 7 frakkur, 9 nytting, 12 sker, 14 apa, 16 na.

## Sudoku

			1	5		6	7
9	3			6		4	1
5		6			2	8	
	2	5					3
7	4			3			
		8			2		4
		3	6	1	8		
	5			7	1		
			8	5		7	

5				7			
	3		2	9	1		
		4	5			6	
	1				7		6
2	5	7			4		
					5	3	
			1	2	6		8
			4	9			
4		6					

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus



Eftir Frode Øverli



## FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

# Hvað er að fréttu?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á  
frettabladid.is. Innendar og erlendar fréttir,  
léttar fréttir, íþróttافرéttir, viðskiptafréttir,  
skoðanapistla, spottið og auðvitað blað  
dagsins ásamt eldri blöðum.



frettabladid.is

Bókmenntaárið 2022 var bæði fjölbreytt og viðburðaríkt enda náði menningarlífið nú loks að hrista af sér hamfarahlekki Covid-áranna. Árið hófst að vanda á afhendingu Íslensku bókmenntaverðlaunanna á Bessastöðum í lok janúar fyrir bækur síðasta árs. Sigurvegararnir voru Sigrún Helgadóttir fyrir Sigrúður Þórarinnsson: Mynd af manni í flokki fræðibóka og rita almenns efnis, Þórunn Rakel Gylfadóttir fyrir Akam, ég og Annika í flokki barna- og ungmennabóka og Hallgrímur Helgason fyrir Sextíu kíló af kjaftshöggum í flokki skáldverka.

Hallgrímur er vel að verðlaununum kominn enda hefur hann hlotið mikið lof fyrir skáldsögur sínar um síldarævintýrin. Þó verður að segja að valið var ekki ýkja frumlegt í ljósi þess að hann hlaut einnig bókmenntaverðlaunin fyrir fyrri bók sína í seríunni, Sextíu kíló af sólskini, og mætti því spyrja sig hvort nefndin sé ekki núna skuldbundin til að gefa honum þrisinn fyrir þriðju bókina þegar hún kemur út til að vera samkvæm sjálfri sér.

### Furðuleg Fjöruverðlaun

Í mars tók Fríða Ísberg svo á móti Fjöruverðlaununum fyrir skáldsögu sína Merkingu, eina eftirminnlegustu bók ársins 2021. Þakkarræða Fríðu vakti mikla athygli en þar fjallaði hún meðal annars um fæðingu frumburðar síns og innrás Rússa í Úkraínu. Fjöruverðlaunin eru nú ekki lengur bara bókmenntaverðlaun kvenna heldur var verðlaununum nýlega breytt í verðlaun kvenna, trans, kynsegin og intersex fólks og má því spyrja sig hvort upprunalegur tilgangur þeirra, að upphæfa kvennabókmenntir, sé enn í gildi nú þegar þau eru orðin verðlaun fyrir alla nema síð karlmenn.

Fjöruverðlaunin skilgreindu sig lengi vel sem mótvægi við Íslensku bókmenntaverðlaunin, fjaran sem verður eftir að flóðinu loknu, en tilnefningarnar í ár sýna svo ekki verður um villst að verðlaunin eru á villigötum sem róttækt bókmenntaafli. Tvær af þremur tilnefndum bókum í flokki fagurbókmennta (Eden eftir Auði Övu og Tól eftir Kristínu Eiríksdóttur) eru nefnilega einnig tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Ef Fjöruverðlaunin ætla að endurheimta vigt sína í bókmenntaheiminum þurfa þau annað hvort að leita aftur til upprunans og tilnefna verk eftir kvenhöfundu sem orðið hafa undir í júlábókafloðinu eða verða raunverulega róttækt afl fyrir alla kynjaflórana í stað þess að bjóða kynsegin, trans og intersex höfundum bara að vera með sem eftiráhugsun.

### Ljóðið ratar til sinna

Eins og gengur og gerist urðu ekki mörg stórtíðindi í bókaútgáfu á fyrstu mánuðum ársins. Ljóðaútgáfan er þó gjarnan nokkuð sterk á vorin og komu nokkur eftirminnleg verk út í vor svo sem þrettánda ljóðabók Sjóns, Næturverk, fyrsta bók pólsk-íslenska skáldsins Ewu Marcinek, Ísland pólerað, og önnur ljóðabók Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur, Við lútum höfði fyrir því sem fellur.

Maístjarnan var veitt í maí fyrir ljóðabók ársins 2021 en í þetta skiptið hreppi Haukur Ingvarsson verðlaunin fyrir Menn sem elska menn, eina áhrifamestu ljóðabók síðustu ára. Maístjarnan eru sennilega lýðræðislegustu bókmenntaverðlaun landsins enda lúta þau engum markaðsöflum ólíkt Íslensku bókmenntaverðlaununum heldur eru allar útgefnar ljóðabækur ársins gjaldengar. Þau er löngu kominn tími til að hefja þau til vegs og virðingar enda hefur ekki farið mikið fyrir verðlaununum síðan þau voru stofnuð 2017.



Natasha S. hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðabókina Máltaka á stríðstímum í október.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þorvaldur S. Helgason fer yfir bókmenntaárið 2022.

## Sinfónía af erlendum uppruna



Úkraínski rithöfundurinn Andrej Kúrkov tók á móti Alþjóðlegum bókmenntaverðlaunum Halldórs Laxness.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Bernardine Evaristo sem hlaut Booker-verðlaunin fyrir Stúlka, kona, annað 2019 tók þátt í Iceland Noir hátíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Sumarbókafloðið

Bókmenntaárið fór á fullt skrið í haust en athygli vekur að sumir útgefendur eru farnir að þjófstarta júlábókafloðinu. Bjartur gaf til að mynda út tvær nýjar íslenskar skáldsögur, Sólrúnu eftir Sigurlínu Bjarneyju Gísladóttur og Vængjalaus eftir Árna Árnason í lok ágúst sem verður að teljast jákvætt því bókmenntir eiga erindi allt árið um kring en ekki bara á adventunni.

Þá geta útgefendur verið klókir og nýtt sér tómið sem myndast í útgáfu yfir hásumarið til að gefa út tilraunakennd verk sem eiga á hættu að verða undir í júlábókafloðinu. Una útgáfuhús gaf út tvær

slikar bækur síðasta sumar, smásagnasafnið Sápufuglinn eftir Maríu Elísabetu Bragadóttur og leikritið Ókyrrð eftir Brynju Hjalmsdóttur, sem vöktu báðar töluverða athygli.

### Bókmenntir á stríðstímum

Í byrjun september heimsótti úkraínski rithöfundurinn Andrej Kúrkov Ísland til að taka á móti Alþjóðlegum Bókmenntaverðlaunum Halldórs Laxness. Innrás Rússa í Úkraínu hefur nú staðið yfir í tíu mánuði og haft gifurleg áhrif á alþjóðlegt samstarf um gjörvallen heim. Bókmenntirnar eru þar ekki undanskildar en hækandi orkukostnaður í Evrópu hefur meðal annars valdið

því að skáldsögur hafa hækkað í verði hér á landi. Kúrkov hefur sjálfur staðið í ströngu og hefur ferðast víða um heim til að vekja athygli á stríðinu í heimalandinu. Það var því mikill fengur að fá þennan merka höfund í heimsókn.

### Pólitískar deilur

Iceland Noir hátíðin var haldin í vetrarskammdeginu í lok nóvember, hátíðin var upphaflega glæpasagnahátíð en hefur nú víkkað út sjóndeildarhringinn og er orðin alþjóðleg bókmenntahátíð. Iceland Noir komst í fréttirnar í byrjun nóvember þegar Sjón dró sig úr þátttöku í mótmælaskyni vegna fyrirhugaðr-

ar þátttöku Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum hælisleitenda. Katrín sendi í haust frá sér frumraun sína sem skáldsagnahöfundur, glæpasöguna Reykjavík sem hún skrifaði með Ragnari Jónassyni, einum skipuleggjenda Iceland Noir.

Svo fór að Katrín sagði sig einnig frá þátttöku á hátíðinni sem heppnaðist engu að síður vel þrátt fyrir pólitískar deilur. Fjöldi þekktra rithöfunda kom fram á Iceland Noir, þar á meðal David Walliams, Richard Osman og Booker-verðlaunahafinn Bernardine Evaristo.

### Ár skáldsögunnar

Júlábókafloðið er nú að fjara út og eru margir Íslendingar eflaust í óðaönn að spæna sig í gegnum júlábækurnar. Skáldsögur drottnuðu yfir júlábókafloðinu í ár og fór minna fyrir ljóðabókum, fræðiritum og barnabókum. Þetta sést best á tilnefningunum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki skáldverka 2022 en þar en engi ljóðabók að finna eins og síðasta ár, sem er mikill ljóður.

Félag íslenskra bókaútgefenda tók líka þá umdeildu ákvörðun að sameina umgjörðina á Íslensku bókmenntaverðlaununum og glæpasagnaverðlaununum Blóðdropanum. Það kemur í ljós í janúar hversu vel þessi hálfildings sameining heppnast en þó er ljóst að þetta er fremur villandi fyrir lesendur sem halda nú eflaust sumir að forsætisráðherra Íslands hafi verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Margir af stærstu höfundum Íslands voru með skáldsögur í flóðinu og má þar til dæmis nefna Tól eftir Kristínu Eiríksdóttur, Hamingju þessa heims eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur, Dáin heimsveldi eftir Steinn Braga, Játningu eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og Útsýni eftir Guðrúnu Evi Minervudóttur. Þó komu einnig út flottar bækur eftir yngri höfunda svo sem Lungu eftir Pedro Gunnlaug Garcia, Snuð, fyrsta skáldsaga Brynjólfs Þorsteinssonar, og ljóðsagan Allt sem rennur eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur sem er á mörkum skáldskapar og ljóða.

### Sigurvegarar bókmenntaársins

Í fyrri kom út safnrítið Pólifónía af erlendum uppruna á vegum Unu útgáfuhúss með sýnishorni af ljóðlist fimmtán rithöfunda af erlendum uppruna sem búsettir eru á Íslandi. Bókin markaði tímamót í útgáfu hér á landi en líta má á hana sem eins konar forleik því árið 2022 kom bersýnilega í ljós hversu mikil gróska er í íslenskum innflytjendabókmenntum. Fyrir örfáum árum voru innflytjendabókmenntir vart til sem sjálfstæð bókmenntagrein á Íslandi en á undanföllum árum hefur orðið sprenging.

Í ár komu út minnst þrjú íslensk ljóðverk eftir innflytjendur, hið áður nefnda Ísland pólerað eftir Ewu Marcinek sem kom einnig út á ensku á vegum Ós pressunnar, önnur ljóðabók pólsk-íslenska skáldsins Jakob Stachowiak, Úti bíður skáldleg veröld, og svo Máltaka á stríðstímum, fyrsta ljóðabók rússnesk-íslenska skáldsins Natöshu S. sem fékk Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar í október. Sú bók er ein sterkasta frumraun ljóðskálds á þessari öld, bók sem talar beint inn í samtímann og fjallar um innrásina í Úkraínu frá sjónarhorni Rússa sem fylgist harmi sleginn með stríðsbrótti lands sinna úr fjarlægð. Þá má einnig nefna íslenska þýðingu hins óvenjulega krimma Kalmann eftir svissneska höfundinn Joachim B. Schmidt sem er íslenskur ríkisborgari. Það er því deginum ljósara að innflytjendabókmenntir eru sigurvegarar bókmenntaársins 2022, sannkölluð sinfónía af erlendum uppruna. ■



# Heimsins mesta úrval næðisrýma

## silen SPACE

Allt að A flokki í næði, skv. ISO 23351-1



Vinsælasta línan sem  
gefur mesta næðið og flesta  
möguleikana



Endurbætt útgáfa  
af Silen rýmum, nú með  
hjólástólaaðgangi



Þarf aðeins að  
stinga í samband



25-30% meiri  
loftgæði en klefar frá  
samkeppniaðilum



Á hjólum



Rafmagns-  
og USB tengi í  
hverjum klefa



Allt að 40db  
hjóðeinangrun  
Flokkur A skv. ISO 23351-1



Fyrir allt  
að 12 manns

### MINDSPA®



Hvildarherbergi  
af bestu gerð

### CHATBOX BY SILEN



Einfaldleikinn  
ræður för

### silenoutdoor



Útirými sem hentar  
öllum veðrum

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)



RAMMASAMNINGUR VÍÐ  
RÍKISKAUP

Verslun opin  
mán-fim 09:00-18:00,  
föstudaga 09:00-17:00,  
laugardaga 12:00-16:00.

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040  
[hirzlan@hirzlan.is](mailto:hirzlan@hirzlan.is)

# Þrjár íslenskar konur á Óskars-stuttlistanum

Þann 24. janúar verða tilnefningar til Óskarsverðlaunanna kynntar. Athygli vekur að ekki færri en þrjár íslenskar konur eru tilnefndar á svokölluðum stuttlista til tilnefninganna. Það eru Hildur Guðnadóttir, Heba Þórisdóttir.

ninarichter@frettabladid.is

Að sögn Sigríðar Pétursdóttur kvikmyndafræðings er næsta víst að þetta sé í fyrsta sinn sem þrjár konur eru á stuttlista til Óskarsverðlaunatilnefninga. „Bæði Hildur og Heba hafa verið áður á þessum stuttlista,“ segir Sigríður. „Heba var á stuttlistanum fyrir Once Upon a Time in Hollywood, eftir Quentin Tarantino, og oftár. Hún hefur unnið við rosalega mikið af Hollywood-myndum, ég hef fylgst með henni mjög lengi,“ segir hún.

Heba er á stuttlista fyrir vinnu við kvikmyndina Babylon í leikstjórn Damien Chazelle. „Hún stýrði búninga- og fördunardeildinni, sem yfirmaður. Þetta er svo ofboðslega stórt batteri að við getum ekki ímyndað okkur það. Ég sá á status hjá henni í gær, um að það þurfti að fara hundruð og fimmtíu leikara og sex þúsund og fimm hundruð statista,“ segir Sigríður.

„Þetta eru hátt í sjö þúsund manns sem þurfti að fara og hún var með stóra deild. Þetta er ekkert smá. Hún er búin að vera að fara alveg ofboðslega lengi í Hollywood og er alveg rosalega flink.“

Sara Gunnarsdóttir teiknimyndahöfundur er tilnefnd fyrir My Year of Dicks. „Hún og Hildur Guðnadóttir eru



Heba Þórisdóttir

Hildur Guðnadóttir

Sara Gunnarsdóttir

fæddar sama ár, 1982,“ segir hún. „Hún er ofboðslega flinkur teiknimyndahöfundur og það hefur verið mikið talað um þessa mynd, sem var sýnd á Stockfish hér á landi. Í bransanum er fólk búin að vita lengi af Söru, og það er ekkert ólíklegt að hún fái tilnefningu,“ segir Sigríður.

Hildi Guðnadóttur hefur Sigríður þekkt síðan Hildur var lítið barn. „Ég hef fylgst með henni lengi, af

Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur.

MYND/HELEN BOOTH

því að mamma hennar var samstarfskona mín og er góð vinkona,“ segir Sigríður og vísar til Ingveldar G. Ólafsdóttur. „Síðan Hildur var pínulítill. Það var gaman að horfa á þetta flinka og skipandi barn, þangað til hún var kornung kona og var tækniáður uppi í útvarpi. Ég vann með henni þar.“

Að sögn Sigríðar unnu þær saman í kringum 2000. „Ég var alltaf svo glöð þegar hún var í stúdíói að taka upp með mér barnaefnið af því að hún var svo ofboðslega vandvirk, strax þá. Það er ekki bara það að hún sé svona flinkur tónskáld, heldur get ég líka svo vel séð af hverju hún er komin á þennan stað. Bæði vinnusíðferðið og persónuleikinn er alveg í stíl. Hún er dásamleg mann-

eskja og á þetta svo vel skilið,“ segir Sigríður um Hildi.

„Hún er tilnefnd fyrir Women Talking eftir Söruh Polley, en ekki fyrir Tár af því að það var ekki nógu mikið af frumsaminni tónlist. En ég er rosalega spennt að sjá báðar myndirnar.“

Að sögn Sigríðar er riðillinn einstaklega erfiður. „Þetta er alveg svakalega spennandi að vita. Það verður hörð samkeppni að komast í tilnefninguna sjálfa. Á listanum er til dæmis John Williams, sem er á þessum lista fyrir The Fabelmans. Hann er níræður og setur met ef hann vinnur. Meira að segja líka ef hann er tilnefndur. Þá er þetta fertugasta og áttunda tilnefningin hans og ef hann vinnur er hann

”

Ég man að það var hápunktur ferilsins míns þegar hún var fyrsti Íslendingurinn til að fá Óskar og ég fékk að fara í fréttasettið hjá Boga í helstið og byrja fréttirnar.

elstur allra til að vinna, níræður.“

Sigríður segir Akadémíuna gjarnan gefa verðlaun fyrir ævistarf og því eigi John góða möguleika. „Svo er það Alexandre Desplat fyrir Pinocchio hans Guillermo del Toro. Þetta verður harður flokkur fyrir Hildi en ég hef fulla trú á að hún fái tilnefningu.“

Sigríður minnst ræðu Hildar sem hún flutti þegar hún vann Óskarsverðlaun fyrir Joker árið 2020.

„Þegar hún vann Óskarinn fyrir Jóker flutti hún eina fallegustu ræðu sem flutt hefur verið og það er enn verið að vitna í hana, þar sem hún hvatti allar konur og stúlkur og mæður og dætur til að láta rödd sína heyrast,“ segir hún. „Ég get aldrei hugsað um þetta án þess að fá tár í augun.“

Ég man að það var hápunktur ferilsins míns þegar hún var fyrsti Íslendingurinn til að fá Óskar og ég fékk að fara í fréttasettið hjá Boga í helstið og byrja fréttirnar. Þá var aðalmálið að fara ekki að gráta og mér tókst það nú.“ ■

Myllu heilkornabrauð  
**LÍFSKORN**  
 Lífskorn færir þér máltíð af akrinum



LÍFSKORN, HEILT  
 HVEITIKORN OG  
 RÚGUR

LÍFSKORN,  
 TRÖLLAHAFRAR  
 OG CHIA-FRÆ

LÍFSKORN,  
 SÓLBLÓMAFRÆ  
 OG HÖRFRÆ


**Nýtt**

LÍFSKORN, D+  
 D-vítamínríkt og joðgjafi  
 - steinefni, heilkorn og  
 graskersfræ

LÍFSKORN,  
 KOLVETNASKERT

LÍFSKORN,  
 SJÓ TEGUNDIR  
 AF FRÆJUM OG  
 KORNUM  
 - ekkert ger  
 - ekkert hvítt hveiti

# Veldu þitt Lífskorn - heilkorna fjölskylda af hollustu



## - Lífskorn er næring fyrir heilsuræktina

Lífskorn er góð hugmynd að vellíðan og hluti af heilsurækt þinni. Í Lífskorni finnur þú góðu frækorn, trefjarnar, próteinin og bragðgæðin.

Lífskorn er trefjagjafi þinn - fræsafn þitt og heilsurækt - hefur hátt hlutfall heilkorns, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af joðbættu salti.

Lífskorn inniheldur B- og E-vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast. **Núna bætist nýtt heilkorna Lífskorn á lista joðgjafa og D-vítamínríkra fæðutegunda.** Smakkaðu.

Þú finnur plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins í Lífskorni og undirbýrð þig þannig fyrir heilsuræktina. Lífskorn færir þér máltíð af akrinum, hollustu og orku fyrir heilsuræktina. Bragðaðu öll brauðin og veldu þitt uppáhalds Lífskorn. Lífskorn er vegan!

**Ræktaðu huga og líkama**  
**Fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð frá Myllunni - strax í dag**



Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu. Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

> **Skoðaðu vöruúrvalið á: myllan.is**




**Alltaf útbakað síðan 1959**

# RISA ÚTSALA

## HEFST Á MORGUN

# Allt að 60% afsláttur



Skannaðu  
QR kóðann og  
skoðaðu útsölu-  
vörurnar

**AFGREIÐSLUTÍMI NÆSTU DAGA**  
Þriðjudag - föstudag 11-18  
Gamlársdagur og nýársdagur - LOKAÐ

\*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda á meðan útsölu stendur eða á meðan birgðir endast.



**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is  
Sími: 558 1100

## ■ Jólaminútur

# Nóg til á milli jóla og nýárs

Viðburðir til að stytta stundir og gleðja geðið á næstu dögum.

margreterla@frettabladid.is

## 27. desember þriðjudagur

### ■ Girl's Gang kl. 21.00 Kaffibarinn

DJ Hildur og DJ Brynja spila fyrir dansi. Þær lofa þriðjudagskvöldi ársins. Engin jólalög – engin óskalög.

## 28. desember miðvikudagur

### ■ Áramótatónleikar kl. 17.00 Harpa

Sungið um álfa, tröll og fleira sem tengist tímamótunum. Fram koma Lilja Guðmundsdóttir sópran, Bjarni Thor Kristinsson bassi, Helga Bryndis Magnúsdóttir leikur á píanó og Matthías Birgir Nardeau á óbó. Sungið á íslensku, en leitt á ensku. Alla daga 28. desember til 2. janúar.

## 29. desember fimmtudagur

### ■ Tríó & Happy hour kl. 18.00 Jörgensen

Tríó skípa þeir Jón Ómar Árnason á gítar, Albert Sólvi Óskarsson á saxófón og Leifur Gunnarsson á kontrabassa. Þeir leika úrval af djasslögum fyrir gesti á milli 18–20. Happy hour og 20% afsláttur af barsnakkseðlinum meðan á viðburði stendur. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



### ■ Jólaandakt kl. 20.00

**Lágafellskirkja, Mosfellsbæ**  
Kvartettinn skípa: Sigríður Guðmundsdóttir (söngur) Íris Guðmundsdóttir (söngur) Grétar Lárus Matthíasson (gítar og söngur) og Hálf dán Árnason (bassi og söngur).

## 30. desember föstudagur

### ■ Sigild jól kl. 20.00 Seltjarnarneskirkja

Á dagskránni er góð blanda af fallegum jólasöngvum og -sálmum ásamt nokkrum vel völdum sigildum söngvum sem eru allt frá barokk-tímabilinu fram til dagsins í dag. Fram koma: Gissur Páll Gissurarson tenór, Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Sigríður Ósk Kristjánisdóttir mezzo-sópran. Lenka Mátéova leikur á orgel og flygil og Ólöf Sigursveinsdóttir leikur á selló.

### ■ Nýársfögnuður Brain Police kl. 20.00

**Iðnó**  
Hinn árlegi Nýársfögnuður Brain Police. Að þessu sinni verður þetta tvöfaldur „heddari“ því með Brain Police verða engir aðrir en Sólstafrir. Þessar sveitir hafa átt langt og gott samstarf sem nær allt aftur fyrir síðustu

aldamót. Bæði bönd munu því flytja fullt prógramm. Sérstakir gestir þetta kvöld eru hljómsveitin Godchilla.

### ■ Kælan mikla, Svartþoka og Sameheads kl. 21.00

**Gaukurinn**  
Kælan mikla býður til heljarinnar kvöldvöku föstudaginn 30. desember á Gauknum til að fagna og kveðja þetta örlagaríka ár sem 2022 hefur verið. Ásamt ísdrottningunni svifur á svið hin dularfulla Svartþoka sem hefur breitt sig yfir ísköld hjórtu okkar síðustu tvö ár og ferskasti andardráttur drungabylgju senunnar hérlendis, Sameheads.

### ■ Helgi og hljóðfæraleikararnir kl. 21.00

**Græni hatturinn**  
Helgi og hljóðfæraleikararnir hafa að undanförunni verið að endurútgefa plötur og setja eldra efni á Spotify. Nú hefur verið tilkynnt að á næsta ári stefnir bandið á að gefa út tónleikaplötur. Enda hafa ýmsir látið í veðri vaka að þótt sveitin njóti sín alltaf vel, þá njóti bandið sín ekki hvað sist og jafnvel best á tónleikum.



### ■ Malt og appelsínuhúð kl. 22.00

**Þjóðleikhúskjallarinn**  
Jólaenglarinn í búleskópnum Dömur og herra verða í (og úr) hátíðabúningi og jóla yfir bæði sig og þig. Fyrir alla þá sem elska jólin, hata jólin og þá sem elska að hata jólin. Gamlar sprengjur og nýir flugeldar kveðja gamlar syndir og fagna nýjum í fullkomnum áramótakabarett þar sem allt getur gerst og gerist mjög líklega! Vert er að taka fram að sýningin er ekki fyrir þau sem eru viðkvæm fyrir dónabröndurum, guðlasti eða undrum mannslíkamans. Um augnakonfekt er að ræða og því ekki nauðsynlegt að skilja íslensku.

## 31. desember laugardagur

### ■ Áramótahugleiðslustund kl. 10.00

**Lótushús Garðatorgi**  
Fyrir marga er áramótastundin ómissandi liður í því að kveðja gamla árið og bjóða það nýja velkomið. Tónninn gefinn fyrir 2023 með því að hugleiða saman, sleppa þeim þyngslum sem við viljum losa okkur við á táknrænan hátt og setja okkur ný markmið. Í lokin kveikjum við lítið bál fyrir utan þar sem við leyfum því liðna að brenna

og bjóðum nýja árið velkomið með léttleika í hug og hjarta.



### ■ Áramótageiðisjóbað kl. 11.00

**Nauthólsvík**  
Skolum af okkur árið sem er að liða. Aðstaðan í Nauthólsvík er lokuð og mikilvægt að koma með hlý og góð fót eftir sjóinn og að allir geri ráð fyrir að fara úr blautum sundfötum á leiðinni heim. Líka gott að hafa heitt að drekka sem biður eftir ykkur í bilnum. Eva Katrín Wim Hof-leiðbeinandi og hennar fólk verða með. Gaman er að koma með skemmtilegt áramótagingur, hatta eða spariföt.

## 2. janúar mánudagur

### ■ Jólaoratorían kl. 20.00

**Langholtskirkja**  
Flytjendur eru Söngsveitin Filharmónía ásamt hljómsveit og einsöngvurunum Írasi Björk Gunnarsdóttur, Hildigunni Einarsdóttur, Benedikt Kristjánssyni og Oddi Arnþóri Jónssyni. Stjórnandi er Magnús Ragnarsson. Konsertmeisteri er Páll Palomares. Jólaoratorían segir söguna af fæðingu Jesú á áhrifamikinn og hrífandi hátt með fjörugum kórþörtum, dásamlegum sálmum og gullfallegum einsöngsárium. Sagan er síðan bundin saman af tónlesi guðspjallamannsins sem Benedikt Kristjánsson mun túlka en hann hefur hlotið mikið lof um allan heim fyrir túlkun sína á verkum Bachs.

### ■ Daddi Ru kl. 21.00

**Gaukurinn**  
Daddi Ru er indí-popplistaðkvár frá Brooklyn sem er þekkt fyrir ferska tónlist og sviðsframkomu. Aðgangur ókeypis. Einstakt tækifæri til að sjá hán áður en heimafrægðin bankar upp á.



### ■ Úlfur úlfur kl. 21.00

**Græni hatturinn**  
Ætla má að hljómsveitin verði vel jöluð á því eftir sitt hlutverk á Jülevenner Emmsjé Gauta og því mikið um dýrðir og góðan anda. Það var bara í október sem úlfarnir héldu uppselda tónleika á hattinum og er markmiðið einfaldlega að toppa það kvöld á allan hátt.

Það er bara ein  
**ÚTSALA**



Allt að 70% afsláttur



ÞVOTTAVÉLAR



ÞURRKARAR



UPPÞVOTTAVÉLAR



HEYRNARTÓL



HELLUBORÐ



OFNAR



LÍTIL HEIMILISTÆKI



BRABANTIA

## Bakþankar

Kristbjargar  
 Þórisdóttur



## Vetrarsól

Á annan dag jóla sit ég södd á öruggu heimili. Þvílík forréttindi. Þak yfir höfuðið, matur, sólarupprás, eiginmaður, yndislegir vinir, fjölskylda, starf sem ég elska, hlutverk og börnin mín sem eru mér allt. Það er mikilvægt að minna sig á það sem maður hefur.

Fyrir ári síðan vorum við foreldrarnir harkalega minnt á það hvað tilveran getur snúist skyndilega við þegar jarðarber stóð fast í kokinu á syni okkar en sem betur fer fór allt vel.

Á þessum árstíma verð ég eins og margir aðrir meyr og meðvitund um hvað lífið getur verið brothætt. Kannski er það vegna þess að ég hugsa mikið til þeirra sem eru farnir en í ár einnig vegna stríðsins og annarra hörmunga. Ég legg mikið upp úr því að fara í kirkjugarðana og kveikja ljós á leiði ástvina. Sýna í verki að minningin lifir. Dóttir mín á til dæmis heila veröld með ömmu sinni, langömmu, langafa og öfum sínum sem eru gengin. Það er vegna þess að á hverju kvöldi segjum við henni að þau elski hana og þannig eru þau alltaf í hennar lífi. Hún segir mér ýmsar sögur af ömmu Bjarndísi Eygló og afa Sæma, sumar sem eiga ef til vill ekki við rök að styðjast en ég brosi bara því þetta er hennar veröld með þeim.


Við áramót er gott að hugleiða eigin veröld, hvert við stefnum, hvert við viljum stefna og setja markmið. Hvað vil ég taka með í bakpokanum mínum, hvað vil ég skilja eftir og hvað skiptir máli? Megi risandi sól færa okkur öllum ljós, frið, öruggari heim og farsæla tilveru. ■



# SOFTU VEL UM JÓLIN



## GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF  
 VÖNDUÐUM  
 HEILSURÚMUM



EITT MESTA  
 ÚRVAL AF  
 HEILSUDYNUM  
 Á LANDINU



APOLLO  
 RAFDRIFINN  
 HVÍLDARSTÓLL



VANDAÐAR  
 SÆNGUR OG  
 KODDAR Í  
 ÚRVALI



**Fritt kakó**  
 MEÐ ORKULYKLI

**VERSLANIR:**  
 ENGJATEIGI 17-19,  
 REYKJAVÍK  
 S: 581 2233

**BALDURSNESI 6,  
 AKUREYRI  
 S: 461 1150**

**OPID:**  
 VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00  
 LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

**UMBOÐSAÐILAR:**  
 HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.  
 BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR

**Svefn & heilsa**  
 ★★★★★

WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

# HVERNIG GENGUR HEIMANÁMIÐ?



-29.999 KR

- ASUS F415 14" fartölva**
- 14" Full HD 1920x1080 IPS skjár
  - Intel Core i5-1035G1 örgjörvi
  - 8 GB RAM og 256 GB geymsla
  - 4x USB tengi og HDMI
- AS90NBOST2M2I630

Áður: 139.994  
**109.995**


Eða 10.242 kr. í 12 mánuði  
0% vextir | Alls 122.905 kr. | ÁHK 22%



-41%

- THRONMAX Pulse** hljóðnemi
- USB-C tengdur condenser hljóðnemi
  - 2 upptökumynstur - Mute takki
  - 360° stillanlegur standur fylgir
  - 24-bit/96 kHz hljóðupptaka
- TMXPULSEM8

Áður: 10.990  
**6.495**



-10.000 KR

- CORSAIR K60 RGB Pro** lyklaborð
- Mekanískt lyklaborð í fullri stærð
  - Cherry Viola rofar
  - RGB bakiðsing
  - Álrammi
- CORSCH910D019ND

Áður: 21.995  
**11.995**



-16%

- CANON Pixma TS7450a** fjölnotaþrentari
- Fjölnota litaprentari með skanna
  - Prentar, skannar og ljósritar
  - 13/6,8 bls. á mín. í svörtu/lit
  - Wi-Fi, AirPrint
- PIXMATS7450A PIXMATS7451A

Áður: 18.995  
**15.995**

## ER KOMINN TÍMI Á NÝJA FARTÖLVU?



-40.000 KR

- SAMSUNG Galaxy Book 2 Pro** fartölva
- 15,6" FHD AMOLED skjár
  - Intel Core i5-1240P örgjörvi
  - 512 GB NVMe SSD, 8 GB vinnsluminni
  - Allt að 21 kst. rafhlöðuending
- NP950XEDKAISE

Áður: 239.995  
**199.995**



-10.000 KR

- CELESTRON StarSense Explorer LT70AZ**
- Linsuþjónauki
  - 70 mm ljósop og 700 mm brennividd
  - f/10, allt að 70x aðdráttur
  - Lööðstillt sjónaukastæði
- CEL22450

Áður: 36.995  
**26.995**



-50%

- DIGIPOWER Shine** símahalda m. hringljósi
- 3" hringljós
  - Stillanleg ljúsing
  - Fyrir snjallsíma
  - Meðfærilegt
- DPWSPH3

Áður: 4.995  
**2.495**



-6.000 KR

- APPLE TV 4K (2021)**
- 4K upplausn og 64 GB minni
  - Endurhönnuð Siri fjarstýring
  - A12 Bionic örgjörvi
  - HDMI 2.1 tengi og WiFi 6
- MXH02SOA

Áður: 37.995  
**31.995**



-7.500 KR

- TP-LINK Deco M5 Mesh** Wi-Fi kerfi
- Mesh kerfi með 3 tækjum
  - Wi-Fi 5 Dual-band þráðlaus tenging
  - Hvert tæki með 2x 100/1000 LAN tengi
  - Hægt að sérstilla með smáforriti
- TLDECOM5ACO13003PK

Áður: 35.995  
**28.495**



-38%

- ZEN Home 200** skrifborðsstóll
- Vandaður stóll með örmum
  - Klæðning sem andar vel
  - Allt að 110 kg burðargeta
- ZENHOME200GR

Áður: 39.995  
**24.995**

**ALLT AÐ 89% AFSLÁTTUR AF TÖLVULEIKJUM**

Fjöldi titla í boði. Sjáðu allt úrvalið á elko.is



-25%

**A** Orkuflokkur | 1600 Snúningar | 9kg Hámbýngd

AEG

Þvottavél

- Stafrænt viðmót og kolalaus mótur
- Útifót, gallaefni, sængur, ull og 20 mín.
- ProSteam gufukerfi dregur úr krumpum
- ProSense vegur þvott og stillir tíma og orku

L7FEG964E2

Áður: 129.995

97.495



-25%

**A++** Orkuflokkur | **B** Þétting | 8kg Hámbýngd

AEG

Þurrkari

- Varmdælutækni, fer betur með þvott
- ProTex Plus fyrir viðkvæmt, ull og silkí
- ProSense tækni, sjálfvirk tímastilling
- Má tengja beint í affall, slangan fylgir

T7DEN843G

Áður: 124.995

93.795

## HEFUR FJÖLSKYLDAN STÆKKAD?



-57.500 KR  
00 stk.

**F** Orkuflokkur | 411ltr Kæli | 214ltr Fyristir | 179cm Háð

LG

tvöfaldur kæli- og frystiskápur

- LED ljúsing og vatns og klakavél í hurð
- Tvær rakastýrðar grænmetisúffur
- Multiflow blástur og NoFrost tækni
- Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð

GSL480PZXV

Áður: 229.995

172.995

Eða 15.633 kr. í 12 mánuði  
0% vextir | Alls 187.592 kr. | ÁHK 16%



-25%

700 W Orkunotkun | 15 ltr Rúmmál

LOGIK

örbylgjuofn

- Stafrænt viðmót og einföld stýring
- 5 afstillingar og sjálfvirk afþiðing
- 30 mín. tímarofi
- 24,5 cm diskur

LMWW21DE LMWB21DE

Áður: 15.995

11.995



-20%

EINNIG TIL HVÍT

ROBOROCK

Q7 Max+ ryksuguvélmenni

- 3D kortlagning og LiDAR leiðsögukerfi
- Ryksugar og skúrar allt að 240 m<sup>2</sup> í einu
- 4200 Pa sogafi, sjálfvirk tæming og hleðsla
- Snjallstýring og barnalæsing

Q7MP0200 Q7MP5200

Áður: 129.995

103.995



-25%

**D** Orkuflokkur | 303 ltr Fyristir | 108 cm Breidd

HISENSE

frystikista

- Frostless tækni og er með ljós og lás
- 2 körfur og frystir 15kg á sólarhring
- Heldur frosti í 18 tíma við straumrof
- 39 dB hjóðstyrkur

FC394D4AW3

Áður: 89.995

67.495



-25%

SODASTREAM

Jet kolsýrutæki

- Kolsýrutæki
- 1 ltr flaska fylgir
- Einfalt í notkun
- Kolsýruhylki selt sér

S1012101776

Áður: 7.995

5.995



-35%

EMERIO

Smart AirFryer

- 1500 W
- 4,5 litra
- Hraðhitun
- Stafrænn skjár

AF125024

Áður: 16.990

10.995



-30%

WILFA

blandari

- 1000 W
- 1,5 litra kanni
- Stillanlegur hraði
- Púls- og klakastilling

BL1000S

Áður: 11.995

8.395



-30%

REMINGTON

Silk Collection - hárbúsi

- 2400W, AC mótur
- 3 hraðastillingar
- 3 hitastillingar
- 5 ára ábyrgð

AC9096

Áður: 8.995

6.295



-20%

MAGNEA

Hyper Flexor Pro nuddbyssa

- 2600 högg á mínútu
- 6 nuddhausar
- Allt að 60 mín. rafhlöðuending
- 20 stillingar fyrir titring

7008

Áður: 23.995

18.995

ELKO

